


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið





Gróðurmold, 50 ltr. 1290 kr pokinn
Europris
Kauptu þrjá og fáðu þann fjórða í kaupbæti






# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
**22. júní 2012**
145. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Konurnar í lífi Depps
*Hinn nýfráskildi Johnny Depp hefur verið kenndur við margar fallegar konur.*
**popp** 20

## Blóðdropinn rann til Klækja
*Sigurjón Pálsson hlaut íslensku glæpasagnaverðlaunin fyrir fyrstu skáldsögu sína.*
**tímamót** 16



## Tíu marka veisla
*Stelpurnar okkar fóru á toppinn í riðlinum eftir stærsta útisigur sögunnar.*
**sport** 26

**veðrið í dag**




**BJART MEÐ KÖFLUM** og lítilsháttar skúrir. Fremur hægur vindur víðast hvar og hiti á bilinu 10 til 20 stig, hlýjast austanlands.
**VEÐUR** 4

# 2.200 manns í skóla eða vinnu vegna sérstaks átaks

**Verkefnið Vinnandi vegur skýrir mikla fækkun atvinnulausra um síðustu mánaðamót. Um 40% atvinnulausra hafa verið án vinnu í ár eða lengur; 20% lengur en tvö ár. Um 300 teknir af bótum fyrir að hafna vinnu.**

**ATVINNUMÁL** Veruleg lækkun atvinnuleysistalna um síðustu mánaðamót skýrist að talsverðu leyti af árangri átaksins Vinnandi vegur. Um 1.200 manns, sem höfðu verið án vinnu sex mánuði eða lengur, hafa fengið starf á grundvelli þess.

Í maílok var skráð atvinnuleysi 5,6% og fækkaði atvinnulausum um 1.011 frá apríl eða um 0,9 prósentustig. Langtímaatvinnulausir, sem hafa verið án vinnu ár eða lengur, eru um 40% þeirra tæplega 10.000 sem eru í atvinnuleit. 2.000 manns hafa verið án vinnu tvö ár eða lengur.

Runólfur Ágústsson, formaður stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs/VMST, segir að ráðningar innan Vinnandi vegar séu orðnar um 1.200 en enn fremur hafi um 300 manns verið teknir tímabundið af bótum fyrir að hafna vinnu, eða að sinna ekki skráningu í átakið. Það er samstarfsverkefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, líkt og átaksverkefnið Nám er vinnandi vegur, sem fór af stað haustið 2011.

„Það átak kom tæplega eitt þúsund atvinnuleitendum, einkum ungu fólki, af bótum og í skóla. Samtals má því gera ráð fyrir að þessi tvö átaksverkefni hafi frá áramótum, að líkindum, fækkað skráðum atvinnuleitendum um að minnsta kosti 2.500,“ segir Runólfur.

**5,6%** Var skráð atvinnuleysi á Íslandi um síðustu mánaðamót.

Hann segir að langtímaatvinnuleysi sé sérstakt áhyggjuefni en um tvíhöfða tröll sé að ræða. Ekki aðeins lami það til langs tíma þá sem í þeirri stöðu eru heldur fylgi því ákveðinn stimpill. „Atvinnurekendur ráða frekar þá sem hafa verið á skrá í styttri tíma, sem gerir vandann erfiðari við að eiga. Átaksverkefnið Vinnandi vegur er því mikilvægara fyrir vikið,“ segir Runólfur.

Hann kveður alkunna að sumir vinni svarta vinnu og kjósi að leita ekki eftir starfi. Aðrir vilji einfaldlega ekki vinna. Stjórn Vinnumálastofnunar hefur áhyggjur af því hve margir atvinnuleitendur hafa látið hjá líða að skrá sig í vinnumiðlun í tengslum við átaksverkefnið eða hafnað störfum sem í boði eru. Í nýrri samþykkt hvetur stjórnin því stjórnvöld til að endurskoða lög um viðurlög og að eftirlit með svartri atvinnustarfsemi verði eflt á öllum vígstöðvum. **- shá**




**KOMNIR Í MARK** Hjólreiðasveitin Piltarnir kom fyrst í mark í hjólreiðakeppninni Wow Cyclothon, sem haldin var til styrktar Barnaheillum. Piltarnir hjóluðu hringinn í kringum landið, samtals 1.332 kílómetra, á 40 klukkustundum og 57 mínútum. Þeim var vel tekið þegar þeir komu í mark við Hörpu um hádegið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Papparassar á Íslandi:

## Fast á hæla Tom Cruise

**POPP** Ljósmyndararnir Paul Hennessy og Ian Lawrence eru staddir hér á landi í þeim tilgangi að ná myndum af stórstjörnunni Tom Cruise.

„Þolinmæði er lykilatriði í þessum bransa og að láta ekkert stöðva sig,“ segir Hennessy.



PAUL HENNESSY

Félagarnir eru svokallaðir „paparazzi“-ljósmyndarar og vinna þeirra felst í að elta stjörnurnar um heiminn og smella af þeim myndum. Ljósmyndararnir vinna báðir á eigin vegum og selja myndir sínar svo til alþjóðlegra fréttaveitna og myndabanka.

Hennessy viðurkennir að menn verði að hafa þykkan skráp í starfinu. „Ég held að ég hafi komið í flest fangelsi í heiminum en þegar allt kemur til alls eru þetta bara ljósmyndir — ekki glæpur aldarinnar.“ **- áp /** **sjá síðu 30**

Forseti Alþingis segir nauðsynlegt að takmarka ræðutíma þingmanna frekar:

# Íslenskir þingmenn fundaglaðir

**ALÞINGI** Alþingi Íslendinga fundaði í tæpar 850 klukkustundir á nýyfirstöðnu þingi. Síðastliðin þrjú ár hafa fundir ætíð náð meira en 800 klukkustundum. Það er töluvert meira en í nágrannalöndunum en meðalþing í Noregi er á milli 400 og 500 klukkustundir og í Danmörku á milli 500 og 600.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, segir Alþingi eina þjóðþing Norðurlandanna þar sem hægt er að tala endalaust í málum. Hún segir breytingu sem gerð var á þingsköpum árið 2007, sem átti að takmarka málþóf, í raun hafa opnað frekar á langar umræður.

„Það er allavega þannig að það hefur reynst auðvelt að tala lengi í málum eins og áður, þegar einn þingmaður þurfti að flytja mjög langar ræður. Nú skipast menn á að halda margar stuttar ræður.“

Ásta segir nauðsynlegt að breyta þingsköpum og er bjartsýn á að það verði gert næsta vor. Nýtt þing taki þá við með nýjum þingsköpum.

Hún segir starf þingsins hafa breyst mjög og eftirlitshlutverk þess hafa verið eflt til muna. **- kóp /** **sjá síðu 10**


Græddu á gulli á Grand Hótel
Í dag frá kl 11:00 til 19:00



Upplýsingar og tímapantanir,
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is

Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr.






BIÐIN ER Á ENDA!
HUNGURLEIKARNIR HALDA ÁFRAM
www.forlagid.is




BROSANDI ALLAN HRINGINN




**1** ML Laugarvatn • **2** ÍKÍ Laugarvatn
**3** Skógar • **4** Vík í Mýrdal • **5** Nesjum
**6** Neskaupstaður • **7** Egilsstaðir
**8** Stórutjarnir • **9** Akureyri • **10** Laugarbakki
**11** Ísafjörður • **12** Laugar í Sælingsdal

PANTAÐU ALLAN HRINGINN
á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

## SPURNING DAGSINS



*Helgi, er komið að tómum kofunum hjá Alþingi þessa dagana?*

„Nei, alls ekki. Mannvitið er gróið í veggina og gólfið á Alþingi.“

Helgi Bernódusson er skrifstofustjóri Alþingis. Greint var frá því í Fréttablaðinu í gær að þingsalur Alþingis hefði verið tæmdur eftir þinglok þar sem gera á endurbætur á salnum næstu vikurnar.

Segja brotið gegn mannréttindum blindra með því að meina þeim að velja sér aðstoðarfólk í kjörklefanum:

# Hafa þurft að hætta við að greiða atkvæði

**KOSNINGAR** Dæmi eru um að blindum einstaklingum hafi verið meinað að taka með sér aðstoðarmann að eigin vali í kjörklefann í utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir forsetakosningarnar sem fram fara um næstu helgi, og þeir því orðið frá að hverfa, segir Kristinn Halldór Einarsson, formaður Blindrafélagsins.

„Þetta er klárt brot á mannréttindum og algerlega óásættanlegt,“ segir Kristinn.

Félagið hefur sent Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra erindi vegna þessa. Þar segir að blindum sé meinað að velja aðstoðarmenn, heldur sé þeim gert að fá aðstoð frá starfsmanni kjörstjórnar.

„Þetta er forræðishyggja sem á ekki að þekkjast nú á tímum,“ segir Kristinn. Hann segir þessa aðferðafræði brjóta gegn þeirri grundvallarreglu að kjósa skuli í leynilegri kosningu, enda fulltrúi kjörstjórnar að fylgjast með því hverjum blindir greiði atkvæði.

Hann segir sambærilegan vanda hafa komið upp í tengslum við kosningar til stjórnlagaráðs árið 2010. Þá hafi verið gerð málamiðlun um að blindir mættu velja aðstoðarmann, en fulltrúi kjörstjórnar fylgdist með úr fjarlægð. Þá hafi Ögmundur jafnframt lofað að þetta yrði lagað fyrir næstu kosningar.

„Ég veit ekki hvort fólk er hissa á því að stjórnmálamenn gleymi því sem þeir lofa,“ segir Kristinn. Hann segist ekki eiga von á öðru en að úr þessu verði bætt, enda hljóti að vera um yfirsjón að ræða. **- bj**




**Á KJÖRSTAÐ** Blindir hafa áður lent í vandræðum með aðstoðarmenn á kjörstað en ekki hefur verið leyst úr vandanum enn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Innritun í framhaldsskóla:

## Flestir komast inn í fyrsta val

**MENNTUN 85 prósent tíundu bekkinga fá skólavist við þann framhaldsskóla sem þeir sóttu um sem fyrsta val. Það er 3661 nemandi.**

**Tólf prósent, eða 511, fá inni í þeim skóla sem var annað val, en rúmlega tvö prósent tíundu bekkinga fá námspláss í skóla sem þeir sóttu ekki um í. Það eru 103 nemendur. Samkvæmt reglum mennta- og menningarmálaráðuneytisins er reynt að finna skóla sem er sem næst heimili nemandans og hefur í boði nám sem er hliðstætt því sem sótt var um. - þeb**



**ÖXARÁ** Maðurinn féll af brúnni yfir Öxará í Almannagjá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Slys í Öxará á Þingvöllum:

## Maður féll af brúnni í Öxará

**SLYS** Tilkynning barst Slysavarnafélaginu Landsbjörgu um að maður hefði fallið fram af steinbrúnni sem liggur yfir Öxará við Drekkingarhyl á Þingvöllum. Tilkynningin barst um klukkan tvö í gær.

Maðurinn hafði misst fótanna á syllu og rann niður um fimm metra og lenti illa. Þegar sjúkraflutningamenn frá Selfossi og björgunarsveitir komu að lá maðurinn á bakinu á steinunum í vatnsfallinu undir brúnni. Hann var blautur og kaldur og kvartaði undan verkjum í baki og úlnlið.

Þyrla Landhelgisgæslunnar var ræst af stað en snúið við þegar maðurinn hafði verið hífður upp á brúna. Hann var fluttur á sjúkrahús í Reykjavík. **- bþh**

# Krossviður Jónasar rifinn af veggjunum

**Endurbætur á innviðum Menntaskólans í Reykjavík halda áfram í sumar. Leitast er við að endurheimta upprunalegan frágang hússins. Til þess er fjarlægður krossviður af veggjum sem á sér rætur í endurbótum Jónasar frá Hriflu um 1930.**

**SAGA** Þessa dagana er unnið að viðhaldi innanstokks í Menntaskólanum í Reykjavík. Markmið framkvæmdanna er að færa innri frágang skólans eins nálægt upprunanum og kostur er á og að bæta tæknilegt ástand hússins, bæði með tilliti til notkunar og öryggisatriða. Það má hins vegar vart færa til einn gólflista án þess að saga þessa einstaka húss komi upp í hugann.

Stefán Örn Stefánsson hjá arkitektastofunni Argos, sem mótaði tillögur að viðgerðum og endurbótum skólans, segir það ekki einfalt verk að endurgera innviði skólans. „Krossviðurinn er tekinn niður og veggirnir kalkmúraðir upp á nýtt eins og var. Upphaflega múrverkið var allt farið að springa á sínum tíma og plöturnar því settar upp.“

Hús Menntaskólans er stokkahlaðið bjálkahús og mjög stórt sem slíkt. Það er meðal merkustu bygginga landsins frá fyrri tíð og eitt fyrsta tvílyfta húsið sem reist var í Reykjavík. Þá er húsið elsta skólahús landsins sem uppi stendur í óbreyttri mynd, reist samkvæmt konunglegri tilskipun frá 7. júní 1841 eða þegar ákveðið var að flytja lærða skólann frá Bessastöðum til Reykjavíkur. Og það er kunnara en frá þurfi að segja að í húsinu hefur sama stofnunin – Reykjavíkurskóli – verið til húsa óslitið frá upphafi, eða frá 1. október 1846 þegar skólahald hófst.

Handverkið sem þarf til viðgerðanna er ekki allra. Því koma að verkinu þrír völundar eða þeir Gunnar Bjarnason trésmiður, sem er einn fárra sem kann til verka við hús sem þetta, Bragi Guðjónsson sér um múrverkið og Helgi Grétar Kristinsson sem blandar límfarvann og olíuna sem fer á timbrið; hvort tveggja í anda málningarefna frá fyrri tíð.

Rektor Menntaskólans, Pálmi Hannesson, ritaði grein í Tímann 1. maí 1935 þar sem hann víkur að endurbótum skólans árin 1928 til 1930. Í grein hans kemur fram að Jónas frá Hriflu hafi staðið fyrir endurbótunum, sem vakti nokkra furðu því seint hefði Jónas verið talinn sérstakur vinur þeirra sem þar sátu á skólabekk. Þar lýsir rektor hinum „gljáða krossvið“ sem gangar og stofur skólans voru lagðar, en er fyrst núna fjarlægður. **svavar@frettabladid.is**



**ENGIN VETTLINGATÖK** Hér er Gunnar Bjarnason trésmiður við vinnu sína. Norskir viðir hússins eru í góðu ástandi þó gamlir séu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Úr grein rektors: Tíminn 1. maí 1935

Pálmi ritaði grein sína til að gera grein fyrir þeim umbótum sem voru gerðar á skólanum árin 1928 til 1930 að undirlagi Jónasar Jónssonar frá Hriflu, þá starfandi kennslumálaráðherra.

- „Þegar Jónas Jónsson varð ráðherra, árið 1927, munu menn almennt ekki hafa búizt við því, að hann léti sig miklu skipta Menntaskólann og hag hans. Hann var fyrsti kennslumálaráðherrann, sem ekki var stúdent, hann virtist hafa meiri áhuga á alþýðufræðslu en stúdentsmenntun, og hann hafði stundum goldið „hinum langskólagengnu“ vafasamt hrós.“
- „Á skólahúsinu voru gerðar miklar umbætur. Það var málað allt, og þakkvistirnir tveir, sem mjög höfðu óprýtt hið virðulega hús, voru teknir af. Á efstu hæðinni var gerð kennslustofa fyrir náttúrufræði og tvö heimavistarherbergi. Á miðhæð voru gangur og skólastofur allar lagðar gljáðum krossviði.“



**UNDIR ESJU** Samningur stuðlar að verndun og samstarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ríkisstjórnin landar markmiði:

## Landslagssamningur fullgiltur

**UMHVERFISMÁL** Ísland hefur ákveðið að undirrita Landslagssamning Evrópu og verður það formlega gert síðar í júnímánuði.

Markmið Landslagssamnings Evrópu er að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags ásamt því að koma á fót evrópsku samstarfi um landslag. Fullgilding samningsins er meðal markmiða samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 2009.

Gert er ráð fyrir að sendiherra Íslands í París undirriti samninginn þann 28. júní næstkomandi fyrir hönd Íslands. **- shá**

Forsetinn með mest fylgi:

## Með átta prósenta forskot

**FORSETAKOSNINGAR Ólafur Ragnar Grímsson hefur átta prósentustiga forskot á Þóru Arnórsdóttur samkvæmt nýrri skoðun um fylgi forsetaframbjóðenda.**

**Ólafur mælist með tæplega 45 prósenta fylgi en Þóra 37 prósent. Ari Trausti Guðmundsson mælist með 10,5 prósenta fylgi og Herdís Þorgeirsdóttir 5,3 prósent. Andrea Ólafsdóttir er með 1,6 prósenta fylgi og Hannes Bjarnason 0,8 prósent.**

**Capacent gerði könnunina, en greint var frá henni í kvöldfréttum RÚV. 1.350 voru í úrtakinu og var svarhlutfallið 58,5 prósent. Fjórtán prósent þeirra sem svöruðu tóku ekki afstöðu. - þeb**


SVO LJÚFT OG LÉTT

Léttboost

| | |
|---|---|
| 1 lítið | Vanilluskyr.is |
| ½ | banani |
| | sneið af melónu |
| ½ | pera |
| dass | hreinn appelsínusafi |
| 6–8 | ísmolar |




Þú finnur fleiri boostuppskriftir á www.skyr.is


Ríkislögmaður bauð til sáttaviðræðna fyrir hönd ráðuneytisins:

# Jóhanna biður Önnu velvirðingar

**JAFNRÉTTISMÁL** Ríkislögmaður bauð Önnu Kristínu Ólafsdóttur til formlegra sáttaumleitana vegna kæru hennar á hendur ríkinu. Þetta sýnir bréf ríkislögmanns til lögmanns Önnu Kristínar sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Anna kærði íslenska ríkið fyrir brot á jafnréttislögum, en úrskurðarnefnd jafnréttismála hafði úrskurðað Jóhönnu Sigurðardóttur brotlega við lögin vegna ráðningar skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu. Anna var einn umsækjenda, en karlmaður var ráðinn í starfið. Héraðsdómur dæmdi ríkið fyrr í vikunni til þess að greiða Önnu miskabætur vegna málsins.

Í yfirlýsingu í gær sagði Anna Kristín það alrangt að Jóhanna hafi sýnt sáttavilja í málinu, eins og ráðuneytið hélt fram í yfirlýsingu í fyrradag. „Hvorki fyrr né síðar hefur hún haft samband við mig vegna málsins eða komið til mín skilaboðum um vilja hennar til sátta.“

Jóhanna skrifar grein um málið í Fréttablaðið í dag. Þar segir hún að frá upphafi hafi hennar sjónarmið verið að leita allra leiða til sátta svo ekki þyrfti að fara fyrir dómstóla. Hún biður Önnu jafnframt velvirðingar á þeim miska sem málið kunni að hafa valdið henni.

Fréttablaðið hefur undir höndum bréf ríkislögmanns til Þórunnar Guðmundsdóttur, lögmanns Önnu, þar sem fram kemur að Jóhanna hafi óskað eftir því við ríkislögmann að hann hefji formlegar sáttaumleitanir. Önnu var boðið til viðræðna um greiðslu miskabóta.

Í bréfi frá lögmanni Önnu til ríkislögmanns stendur að hún væri reiðubúin að ljúka málinu með sátt, og vildi fimm milljónir króna „fyrir fébætur og miska“. Ráðuneytið vildi ekki borga skaðabætur fyrir fjártjón, en ítrekaði í öðru bréfi boð um greiðslu hæfilegra miskabóta.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR



ANNA KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR

**- þeb /** **sjá síðu 12**

# TAX FREE HELGI

## AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM

## GARÐBORÐ, GARÐSTÓLAR, BEKKIR OG SESSUR Á TAX FREE AFSLÆTTI

## ATHUGIÐ TILBOÐIN GILDA AÐEINS FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS

Tax Free tilboð jafngildir **20.32%** afslætti.
Afslátturinn er á kostnað Rúmfatalagersins.
Virðisauka er að sjálfsögðu skilað til ríkissjóðs.

**ALLIR BLÓMAPOTTAR 30% AFSLÁTTUR**




**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**TILBOÐIN GILDA TIL 24.06.12**

**Rúmfatalagerinn er á 4 stöðum : Korputorgi - Smáratorgi - Skeifunni - Akureyri**

**GENGIÐ 21.06.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,63 | 125,23 |
| Sterlingspund | 195,90 | 196,86 |
| Evra | 157,90 | 158,78 |
| Dönsk króna | 21,240 | 21,364 |
| Norsk króna | 21,052 | 21,176 |
| Sænsk króna | 17,876 | 17,980 |
| Japanskt jen | 1,5597 | 1,5689 |
| SDR | 189,60 | 190,72 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,5737

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ný skoðanakönnun Capacent Gallup um fylgi flokkanna í borgarstjórn:

# Hanna Birna nýtur mests trausts

**STJÓRNMÁL** Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur, nýtur mests stuðnings í embætti borgarstjóra að því er fram kemur í nýrri könnun sem Capacent Gallup vann fyrir borgarstjórnarflokk Sjálfstæðisflokksins.

Alls segjast 51,7 prósent svarenda treysta Hönnu Birnu best af oddvitum flokkanna í borgarstjórn. Næstur henni kemur Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, sem 23,6 prósent segjast treysta best. Þá segjast 19,5 prósent treysta best



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Jóni Gnarr, borgarstjóra og oddvita Besta flokksins, og 5,1 prósent treystir Sóleyju Tómasdóttur, oddvita Vinstri grænna, best.

Þá nýtur Sjálfstæðisflokkurinn langmests fylgis í borginni ef kosið væri nú, samkvæmt könnun Capacent Gallup, en flokkurinn mælist með 43,1 prósents fylgi í könnuninni. Meirihlutaflokkarnir í borgarstjórn, Besti flokkurinn og Samfylkingin, koma næstir og mælast með 23,3 prósenta og 18,8 prósenta fylgi.

Vinstri grænir mælast með 7,7 prósenta fylgi og Framsóknarflokkurinn með 3,4 prósenta fylgi sem myndi ekki nægja til að fá borgarfulltrúa. Þá segjast 3,7 prósent svarenda myndu kjósa annan flokk.

Alls var haft samband við 1.500 Reykvíkinga á kosningaaldri og var svarhlutfall 64,3 prósent. - mþl

Leikskólar fá viðurkenningu:

## Nýbreytnistarf viðurkennt

**SAMFÉLAGSMÁL** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur hefur veitt fimm leikskólum hvatningarverðlaun. Leikskólarnir Laufskálar, Rauðaborg, Sólborg, Sæborg og Ægisborg fá verðlaunin fyrir þróunar- og nýbreytnistarf.

Verðlaunin voru afhent í fyrradag við hátíðlega athöfn í Tjarnarsal Ráðhússins. Þá fékk Rakel G. Magnúsdóttir, leikskólakennari í Bakkabergi, hvatningarverðlaun fyrir frumkvöðlastarf í upplýsingatækni. - bþh

Nýjar tölur frá Hagstofunni:

## Laun hækkuðu lítillega í maí

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala launa hækkaði um 0,4% frá fyrra mánuði í maí. Hækkun síðustu 12 mánaða nemur 11,0%.

Vakin er á því athygli í morgunkorni greiningar Íslandsbanka í gær að hluti af hækkuninni sé vegna árstíðabundinnar sveiflu í launum. Hækkunin sé þó óvenjumikil í ljósi þess að ekki hafi verið um kjarasamningsbundnar launahækkanir að ræða. Í maí hækkaði kaupmáttur launa um 0,4%. Síðustu tólf mánuði hefur kaupmáttur aukist um 5,3%. - mþl

Efla almenningsíþróttir:

## Ný stefna í íþróttamálum

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Borgarstjórn hefur samþykkt nýja stefnu í íþróttamálum fram til ársins 2020. Stefnan var unnin undir forystu Íþróttabandalags Reykjavíkur og Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur.**

**Þar er kveðið á um aukinn hlut almenningsíþrótta og aukna þátttöku fjölskyldunnar í íþróttaiðkun, betra aðgengi barna og ungmenna að íþróttastarfi, framtíðarsamskipti borgaryfirvalda og íþróttafélaga, breyttar áherslur í þjónustu íþróttafélaga við borgarbúa og rekstur og viðhald íþróttamannvirkja.** - shá

**LEIÐRÉTT**

Fyrir mistök í umbroti var Belinda Theriault sögð blaðamaður og hestakona í aðsendri grein sinni í blaðinu í gær. Belinda er framkvæmdastjóri Fulbright stofnunarinnar.




**ÆGIR OG TÝR** Bent hefur verið á að ef ekki kæmu til erlend verkefni hefðu varðskipin einfaldlega verið bundin við bryggju. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Færri daga á sjó við Ísland en í útlöndum

**Úthaldsdagar varðskipa Landhelgisgæslunnar voru færri hér við land en erlendis í fyrra. Tekjur af erlendum verkefnum voru tveir milljarðar fyrir árin 2010 og 2011. Ríkisframlag er að kalla það sama og á fjárlögum ársins 2007.**

**ÖRYGGISMÁL** Úthaldsdögum varðskipa Landhelgisgæslunnar (LHG) við Ísland hefur fækkað úr 697 árið 2007 í 217 árið 2011, eða um 69%. Árið 2011 voru úthaldsdagar skipanna erlendis 348 eða 131 fleiri en hér heima.

Frá 2007 til 2011 hækkuðu sértekjur Gæslunnar um 760% vegna þessara erlendu verkefna sem eru tilkomin vegna erfiðrar fjárhagsstöðu LHG og sparnaðaraðgerða áranna 2008 og 2009.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis um verkefni LHG fyrir erlenda aðila. Meginniðurstaða skýrslunnar er að kveða þurfi skýrar að orði um það í lögum en nú er að LHG sé heimilt að taka að sér slík verkefni. Innanríkisráðuneytið þarf jafnframt að tryggja að umsvif stofnunarinnar erlendis komi ekki í veg fyrir að hún geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu.

Sértekjur LHG hækkuðu á milli áranna 2007 og 2011 um tæplega 760%, eins og áður segir, og voru tveir milljarðar króna fyrir árin 2010 og 2011. Ástæðan er erlend verkefni því sértekjur innanlands hafa farið lækkandi frá árinu 2007 og voru aðeins 79 milljónir á árinu 2010 og 68 milljónir á árinu 2011, samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ársins.

Framlög til stofnunarinnar á fjárlögum árið 2011 voru nánast þau sömu í krónum talið og þau voru árið 2007 en gjöldin hækkuðu á tímabilinu um 57%. Það má annars vegar rekja til aukins kostnaðar vegna þeirra erlendu verkefna sem stofnunin tók að sér og hins vegar óhagstæðrar gengisþróunar en um fjórðungur af rekstrarkostnaði Gæslunnar er í erlendri mynt.

Sjómannafélag Íslands hefur mótmælt því að Landhelgisgæslan taki að sér verkefni erlendis því hafsvæðið í kringum Ísland sé óvarið og eftirlitslaust á meðan. Þeirri gagnrýni hefur verið svarað af LHG á þann veg að fyrirkomulagið skerði ekki gæslu við Ísland því tæki og mannskapur, sem send hafa verið til að sinna verkefnum erlendis, hefðu ekki verið notuð á Íslandi vegna fjárskorts.

svavar@frettabladid.is

Jakob Frímann vill lífsýni:

## Vilja ekki lána sýni úr Davíð

**DÓMSMÁL Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður krafðist þess fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að fá aðgang að lífsýni Davíðs Stefánssonar skálds frá Fagraskógi. Auk þess vill hann fá aðgang að lífsýnum móður sinnar og ömmu.**



JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON

**Fram kom fyrir Héraðsdómi að lífsýni úr skáldinu væru til en lífsýnasafnið hefur hafnað beiðni Jakobs.**

**Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Jakobs, sagði kröfuna setta fram til að eyða þeim orðrómi sem uppi hefur verið um faðerni Bryndísar Jakobsdóttur, móður Jakobs.**

**Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður flutti málið fyrir hönd lífsýnasafnsins, benti á að safnið yrði að virða þagnarskyldu.** - ktg

Verðlagsnefnd búvara:

## Heildsöluverð á mjólk hækkar

**NEYTENDUR** Verð á mjólk og mjólkurafurðum hækkar um fjögur prósent þann 1. júlí, samkvæmt ákvörðun Verðlagsnefndar búvara. Þá hækkar afurðastöðvaverð mjólkurlítra til bænda um 2,8 krónur. Hækkunin er um 3,6 prósent. Vinnslu- og dreifingarkostnaður hækkar um tæp 4,4 prósent.

Ástæður breytinganna eru sagðar launabreytingar og hækkanir á aðföngum við búrekstur.

Í verðlagsnefnd sitja fulltrúar landbúnaðarráðuneytis, ASÍ, BSRB, Bændasamtakanna og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði. - bþh




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**FERÐAVEÐUR** verður með besta móti næstu daga. Vindur verður hægur nema þar sem hafgolu gætir og víðast hvar sést til sólar, a.m.k. hluta úr degi. Skúrahættan er minnkandi og hitastigið heldur á uppleið, verður á bilinu 10 til 20 stig.




**Á MORGUN** Hægviðri eða hafgola víða um land.

**SUNNUDAGUR** Hægviðri eða hafgola víða um land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 17° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 32° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 20° |
| París | 21° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


Holta KJÚKLINGUR
Spennandi á grillið
- á betra verði
Kjúklingabringur í
• Texas marineringu
• Rósmarín & hvítlauk
GOTT SÓSUR
- frábærar með kjúklingnum
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
KJÚKLINGA BRINGUR Í MARINERINGU
1.998 kr/kg
Verð áður 2.854,-
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ 1.724 kr/kg
Verð áður 2.299,-
Grill-læri
kryddlegið
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ 1.799 kr/kg
Verð áður 2.399,-
Grísahnakkasneiðar
hvítlauksmarineraðar
ÍSLANDS LAMB
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
TILBOÐ 1.259 kr/kg
Verð áður 1.798,-
Lambagrillsneiðar
kryddlegnar
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
TILBOÐ 679 kr/kg
Verð áður 969,-
Kjúklingaleggir
ferskir
HÄLSANS SOJARÉTTIR Í ÚRVALI
• Kjúklingur
• Borgarar
• Falafel bollur
• Bollur
• Sesam naggar
• Pylsur
• Snitsel
TILBOÐ
BRATWURST PYLSUR
20% afsláttur v/kassa
TILBOÐ
PRINS POLO 4 Í PAKKA
299 kr/pk.
Verð áður 319.-
ómissandi alla daga!
TILBOÐ
ÍTALÍA HVÍTLAUKSOLÍA & TOSCANA ÓLÍFUOLÍA
40% afsláttur v/kassa
ISOSTAR HLAUPGEL
Handhæg orkugel til að taka með sér í löng hlaup, gönguferðir eða hjólreiðatúra.
ISOSTAR DRYKKUR
Kolvetnadrykkur til að nota á meðan átökum stendur til að viðhalda orku út æfinguna.
NÝTT
MY SMOOTHIE
Inniheldur m.a. hveitigras, spínat og grænt te.
TILBOÐ
SKÚFFUKAKA
399 kr/stk.
Verð áður 479.-
TILBOÐ
SNÚÐAR
149 kr/stk.
Verð áður 249.-
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri
24 Hagkaup
Gildir til 24. júní á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú gengið á Esjuna?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 44,4% |
| NEI | 55,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Endurvinnur þú rusl?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Saksóknari í máli Anders Breivik krefst þess að hann verði metinn ósakhæfur:

# Réttarhöldum yfir Breivik að ljúka

**ÓSLÓ, AP** Svein Holden, saksóknari í dómsmáli norska fjöldamorðingjans Anders Behring Breivik, krafðist þess í gær í lokaávarpi sínu að Breivik yrði dæmdur til vistunar á stofnun fyrir geðveika fremur en til fangelsisvistar.

Fallist dómurinn í málinu á kröfur Holden þýðir það að Breivik er ekki metinn sakhæfur vegna árásanna í Ósló og Útey 22. júlí í fyrra. Yrði Breivik sem fyrr segir vistaður á stofnun fyrir geðveika þar sem hann gæti þurft að dveljast til æviloka.

Í ávarpinu sagði Holden að óréttlætanlegt væri að dæma Breivik til fangelsisvistar þegar jafn mikill vafi væri á geðheilbrigði hans og raun bæri vitni. Tvær ólíkar skýrslur hafa verið unnar um geðheilbrigði Breiviks. Í annarri var hann talinn sakhæfur en í hinni ekki.

Þá krafðist Holden þess til vara að Breivik yrði dæmdur til hámarksrefsingar í norskum lögum, 21 árs fangelsisvistar. Taka má fram að slíka refsingu má þó lengja að henni lokinni teljist viðkomandi fangi enn ógn við samfélagið.

Verjandi Breiviks, Geir Lippestad, mun í dag flytja lokaávarp sitt í réttarhöldunum en hann mun sennilega mótmæla kröfu saksóknara um ósakhæfi.

Breivik hefur sjálfur haldið því fram að krafan um ósakhæfi sé leið norskra stjórnvalda til að draga athyglina frá hugmyndafræði sinni og verkum. **- mþl**



**ÓSLÓ Í GÆR** Anders Behring Breivik ásamt verjanda sínum Geir Lippestad í réttarsal í Ósló í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SMÁRALIND** Viðskipti með hlutabréf Regins hefjast í Kauphöllinni 2. júlí næstkomandi. Smáralind er stærsta eign félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Breytingar í Kauphöllinni:

## Reginn inn í úrvalsvísitöluna

**VIÐSKIPTI** Fasteignafélagið Reginn, sem skráð verður í Kauphöll Íslands þann 2. júlí næstkomandi, mun taka sæti Atlantic Petroleum í OMXI6-úrvalsvísitölunni þegar viðskipti hefjast með bréf félagsins.

Vísitalan er endurskoðuð tvisvar á ári en henni er ætlað að endurspegla hreyfingar með hlutabréf í Kauphöllinni. Skal hún á hverjum tíma vera samsett úr þeim sex félögum sem hafa mestan seljanleika í Kauphöllinni. Vægi félaga ræðst af flotleiðréttu markaðsvirði félaganna.

Með breytingunni verður vísitalan samsett úr bréfum Regins, Össurar, Marels, Haga, Icelandair Group og BankNordik. **- mþl**

**ÖRYGGISMÁL**

### Sameina húsnæði

Ný björgunarmiðstöð var vígð við Árveg á Selfossi nýlega. Í björgunarmiðstöðinni koma saman Brunavarnir Árnessýslu, Heilbrigðisstofnun Suðurlands (sjúkraflutningar) og Björgunarfélag Árborgar. Fjölmargir komu til þess að fagna þessum áfanga.

**HVER ÞREMILLINN!** Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. *thremillinn@frettabladid.is*

# Ruslahaugur verður til í Árbæjarhverfi

**Mikið af rusli hefur safnast fyrir í miðju íbúðahverfi í Árbænum. Bílhlöss af steypurusli, mótatimbur, fiskikar, þvottavél, bíldekk og bílþak eru í haugnum.**

Starfsmenn Reykjavíkurborgar voru mættir í Árbæinn í gær til að sinna hreinsunarstörfum, eftir að Fréttablaðið hringdi í borgina til að grennslast fyrir um rusl sem þar hefur safnast fyrir. Þeim varð þó lítið ágengt enda ljóst að verkefnið er stórt.

Svo virðist vera að byggingaverktakar við Ferjuvað hafi hent miklu magni af steypustyrktarjárni, bútum af veggjum, timbri og öðru rusli yfir á nærliggjandi lóð. Aðrir hafi svo fylgt í kjölfarið og losað meiri úrgang á svæðinu. Nú er svo komið að líkja má lóðinni við lítinn ruslahaug.

Erfitt reyndist að finna hver ber ábyrgð á málinu innan borgarkerfisins, en þar benti hver á annan.

Ef ruslið er á eignarlóð tilheyrir málið byggingafulltrúa Reykjavíkur sem er Björn Stefán Hallson.

Björn segist strax ætla að skoða málið. „Ég sendi einhvern þangað á morgun til að kanna þetta,“ segir hann.

Björn bendir á að ef um eignarlóð sé að ræða verði ábyrgðarmanni sent bréf og honum gert að bæta úr ástandinu. Í framhaldi sé síðan jafnvel hægt að beita dagsektum og jafnvel lögtöku á eigninni ef ekkert verði að gert.

**katrin@frettabladid.is**







**DRASL** Bílþak, fiskikar, dekk og steypurusl er í haugnum í Bjallavaði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ingólfstorg í nýjum búningi:

## EM sýnt á risaskjá á Ibizatorgi

**REYKJAVÍK Ingólfstorg verður fóstrað af verslunum og veitingahúsum við torgið í sumar. Komið hefur verið fyrir risaskjá á vegg Hotel Plaza vestan við torgið þar sem sýndir verða Evrópumeistaramótsleikir í knattspyrnu.**

**Yfir sumarmánuðina mun Miðborgin okkar, samstarfsstarfsvettvangur hagsmunaaðila í miðborginni, standa fyrir alls kyns viðburðum á torginu. Með þessu á að efla mannlíf á Ingólfstorgi og verður almenningi boðið að nýta það til viðveru og skemmtunar. Búið er að koma fyrir sólbekkjum og sólhlífum. Í dagbók Jóns Gnarr borgarstjóra á Facebook kallar hann torgið „Ibizatorg“. - bþh**

Ný lög um þingsköp:

## Styrkirnir beint úr ríkissjóði

**ALÞINGI** Alþingismenn munu fá greiddan ýmsan kostnað, eins og gleraugnastyrk, heyrnartækjastyrk eða líkamsræktarstyrk, beint úr ríkissjóði samkvæmt frumvarpi að nýjum lögum um þingsköp sem samþykkt var á síðasta degi þingsins á þriðjudagskvöld.

Mörður Árnason gerði athugasemd við málið þegar frumvarpið var til umræðu og benti á að þetta samræmdist ekki reglum á almennum vinnumarkaði. Ekki stæði til að stofna sérstakan sjóð á Alþingi heldur ætti ríkissjóður að mæta öllum kostnaði.

Birgir Ármannsson, sem flutti málið, segir þennan lið nýju laganna fela í sér óverulegan kostnað. **- bþh**


# Betri kjör á fjármögnun á nýjum bílum

**Landsbankinn býður 8,95%** óverðtryggða vexti, lægra lántökugjald og 15.000 Aukakrónur til Aukakrónukorthafa við fjármögnun á nýjum bíl fram til 6. júlí 2012. Lánstíminn er allt að 7 ár og lánshlutfallið allt að 75%.

**Skilmála og nánari upplýsingar** má finna á landsbankinn.is
eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.






# Nýtt náttúruafl frá Samsung!

**Samsung Galaxy SIII**
Einn sá allra flottasti á landinu

7.990 kr.
á mánuði í 18 mánuði*

Netið í símanum í 6 mán. fylgir. Allt að 1 GB.

Staðgreitt: 134.900 kr.

ENNEMM / SÍA / NM52758

*Greiðslugjald 325 kr. bætist við

## Netið í símanum **er ódýrara** en þú heldur

Þú þarft ekki að vera í áskrift til að komast á netið í símanum. **Dagurinn kostar aðeins 39 kr.** Ef þú notar netið reglulega þá mælum við með netpakka.

| 300 MB | 1 GB | 3 GB |
|---|---|---|
| Mánaðarverð 490 kr. | Mánaðarverð 1.090 kr. | Mánaðarverð 1.690 kr. |

**Vertu klár á netnotkun þinni með Gagnamæli Símans**

Þú getur á einfaldan hátt fylgst með því hversu mikið gagnamagn þú notar á netinu í símanum með Gagnamæli Símans eða á m.siminn.is.



Síminn

siminn.is I #meiraisland

Á góðu verði í eldhúsið



Kaffivél með Thermo hitakönnu
10-12 bolla, 900w
2.990,-

Töfrasproti – Blandari
2.690,-

Blandari og matvinnsluvél
4.990,-

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

vísir
- oft á dag


# Kröfuhafar taka yfir Glitni fyrir lok ársins

**Stefnt er að því að klára nauðasamning Glitnis á þessu ári. Óreglulegur kröfuhafafundur verður haldinn í London í byrjun júlí til að kynna skilmála hans. Íslandsbanki yrði þá í eigu kröfuhafa. Langstærsti hluti þeirra er erlendir aðilar.**

**VIÐSKIPTI** Skilanefnd Glitnis hefur boðað til óformlegs kröfuhafafundar í London mánudaginn annan júlí til að kynna skilmála væntanlegs nauðasamnings bankans. Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, segir stefnt að því að klára nauðasamningsferlið fyrir árslok 2012. Við það munu 830 milljarða króna eignir þrotabúsins færast til félags í eigu kröfuhafa Glitnis, sem eru að langstærstu leyti erlendir aðilar. Á meðal þeirra eigna sem færast í hendur kröfuhafanna er 95 prósenta hlutur slitastjórnar Glitnis í Íslandsbanka, sem reistur var á rústum hins fallna banka haustið 2008. Glitnir greiddi forgangskröfuhöfum sínum 105,6 milljarða króna fyrr á þessu ári og gerði þar með upp við þá að fullu. Sú aðgerð liðkaði mjög fyrir gerð nauðasamnings.

Aðspurð um tilefni Lundúnafundarins í júlí segir Steinunn til standa að kynna útlínur nauðasamnings fyrir þeim kröfuhöfum sem ekki eiga sæti í óformlegu kröfuhafaráði Glitnis. „Við höfum verið að vinna að svokölluðu termsheeti, eða skilmálum nauðasamnings. Við erum að klára þá vinnu og útlínurnar á því hvernig nauðasamningsfrumvarpið mun líta út. Sú vinna verður kynnt á þessum kröfuhafafundi. Þetta hefur verið unnið með, og kynnt fyrir, óformlega kröfuhafaráðinu sem samanstendur af um 70 prósentum af kröfuhöfum Glitnis. Þeir sem þar sitja eru því vel meðvitaðir um hvernig þessir skilmálar líta út. Á fundinum ætlum við að kynna þetta fyrir þeim sem ekki eru í ráðinu. Það eru um 30 prósent kröfuhafa.“

Steinunn segir að ef ekkert óvænt komi upp á verði hægt að klára nauðasamningsgerðina á þessu ári. „Við erum að klára gerð skilmála samningsins. Í kjölfarið verður skjalagerðin og sjálft frumvarpið unnið á grunni þeirra. Við höfum verið að vinna með þá tímalínu að klára þetta í árslok 2012. Ef ekkert óvænt kemur upp þá teljum við okkur geta staðið við þá tímalínu.“

Slitastjórnin og óformlega kröfuhafaráðið komust að samkomulagi í maí um að skipa nefnd sem á að velja aðila til að sitja í nýrri stjórn sem mun taka við Glitni eftir að nauðasamningsferlinu lýkur. Sjö manns sitja í nefndinni, tveir frá slitastjórn og fimm erlendir aðilar sem hafa unnið mikið fyrir kröfuhafa Glitnis. Hlutverk nefndarinnar eru tvö, að velja nýja stjórn sem mun taka við Glitni og að móta stefnu hans til framtíðar. Steinunn segir vinnu við skipun stjórnarinnar vera í fullum gangi. **thordur@frettabladid.is**



**SLITALOK** Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar, segir útlínur nauðasamninga verða kynntar fyrir þeim tæpa þriðjungi kröfuhafa sem ekki eiga sæti í óformlega kröfuhafaráðinu á fundi í London í byrjun júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Kaupþing líka á leið í nauðasamninga

Slitastjórn Kaupþings tilkynnti á síðasta kröfuhafafundi sínum að stefnt sé að framlagningu nauðasamnings búsins eins fljótt og auðið er á þriðja ársfjórðungi ársins 2012. Sá ársfjórðungur hefst um næstu mánaðamót. Eftir nauðasamninginn verður Kaupþing íslenskt eignarhaldsfélag í eigu, og undir stjórn, almennra kröfuhafa bankans. Þeir eru að langstærstu leyti erlendir aðilar.

Einnig er mögulegt að sérstakt eignastýringarfyrirtæki verði sett á laggirnar til að fara með áframhaldandi eignastýringu Kaupþings. Eignarhaldsfélagið myndi meðal annars fara með 87 prósent hlutafjár í hinum íslenska Arion banka.


Stofnfundur félags um vottun á sjálfbærum veiðum við Ísland

**Icelandic Group hf. boðar til stofnfundar Iceland Sustainable Fisheries ehf., föstudaginn 22. júní. Tilefni fundarins er að í apríl síðastliðnum fékk félagið vottun á sjálfbærum veiðum alls þorsk- og ýsuafla á Íslandsmiðum, samkvæmt staðli MSC (Marine Stewardship Council). Ákveðið hefur verið að opna fyrir aðgang annarra hagsmunaaðila að vottuninni, að uppfylltum vissum skilyrðum. Iceland Sustainable Fisheries verður félag þeirra aðila sem telja sig geta haft hag af MSC-vottun afurða úr þessum fiskistofnum og hugsanlega öðrum fiskistofnum sem sótt yrði um vottun á síðar.**

Icelandic Group hf. mun leggja vottunarskírteinin til hins nýja félags til umsýslu. Vottunin tekur til alls leyfilegs heildarkvóta þessara tegunda sem veiddur er af íslenskum skipum á hvaða veiðarfæri sem er. Nokkur fjöldi hagsmunaaðila í sjávarútvegi hefur þegar boðað þátttöku sína í hinu nýja félagi.

Stofnfundur Iceland Sustainable Fisheries ehf. **föstudaginn 22. júní 2012, kl. 14:00-16:00 á Grand Hóteli Reykjavík.**

CERTIFIED SUSTAINABLE SEAFOOD MSC www.msc.org

**Dagskrá:**
- Fundur settur.
- Farið yfir starf undirbúningsnefndar að stofnun félagsins og tilgang þess.
- Upplýst um kostnað við þátttöku í félaginu og hvaða réttindi hlutur í félaginu veiti hluthöfum.
- Stofnskjöl félagsins og samningar kynntir.
- Stjórnarkjör.
- Önnur mál.

Fundurinn er opinn fyrirtækjum í sjávarútvegi sem vilja kynna sér hvort þátttaka í Iceland Sustainable Fisheries geti aukið markaðsaðgang þeirra.

Frekari upplýsingar á www.icelandic.is

ICELANDIC GROUP

ÍSLENSKA SIA.IS IGR 60249 06/12




**MÖRÐUR** Marðardýr eru sögð geta borið með sér hundaæði.

Villti um fyrir yfirvöldum:

## Kom með mörð og var kærður

**LÖGREGLUMÁL** Tollstjórinn á Seyðisfirði hafði 5. júní afskipti af manni sem hafði marðardýr meðferðis í bíl sínum þegar hann kom til landsins með ferjunni Norrænu.

Haft var samband við héraðsdýralækni sem upplýsti eigandann um að aflífa þyrfti dýrið á staðnum eða fara með það úr landi.

Eigandanum tókst með brögðum að koma dýrinu undan og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann það síðan á heimili hans 15. júní. Maðurinn var kærður fyrir brot á lögum um innflutning dýra. Dýralæknir aflífaði dýrið.

Málið er litið alvarlegum augum. Dýrin geta orðið verri skaðvaldar í náttúrunni en minkurinn og borið með sér alvarlega dýrasjúkdóma til landsins. - shá


Tilboðin gilda 21. - 24. JÚNÍ
nettó
Kræsingar & kostakjör
SVÍNABÓGSNEIÐAR
GRILL
KJÖTSEL
798
ÁÐUR 998 KR/KG
SÓL OG SUMARSKAP
GRÍSAKÓTELETTUR
RAUÐVÍNSKRYDDAÐAR
24% AFSLÁTTUR
1.290
ÁÐUR 1.698 KR/KG
BAUTA BÚRIÐ
OSTA-
GRILLPYLSUR
300 G
384
ÁÐUR 549 KR/PK
30% AFSLÁTTUR
GOÐI
KJÚKLINGAVÆNGIR
HVÍTLAUKS
40% AFSLÁTTUR
299
ÁÐUR 498 KR/KG
ÍSFUGL
GRÍSA T-BEIN
CAJ P'S
1.792
ÁÐUR 2.298 KR/KG
LAMBARIFJUR
GRILL
30% AFSLÁTTUR
489
ÁÐUR 698 KR/KG
KJÖTSEL
KREMKEX
500 G - ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ
Ódýrt
Kremkex
459
NÝBAKAÐ
TILBOÐ
VÍNARBRAUÐSLENGJA
BAKAÐ Á STAÐNUM*
275
ÁÐUR 549 KR/STK
50% AFSLÁTTUR
*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI
SJÓNVARPSKAKA
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ
599
ÁÐUR 798 KR/STK
25% AFSLÁTTUR
PLÓMUR
500 G ASKJA
50% AFSLÁTTUR
199
ÁÐUR 398 KR/PK
ÁVÖXTUR
VIKUNNAR
www.netto.is | Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
markhonnun.is

föstudagur **Föstudagsviðtalið** **Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir,** forseti Alþingis

# Alþingi fundar óvenju lengi

Alþingismenn töluðu í um 850 klukkutíma á nýyfirstöðnu þingi. Það er helmingi meira en þekkist á Norðurlöndunum. **Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir**, forseti Alþingis, sagði ***Kolbeini Óttarssyni Proppé*** frá því að þingsköpum yrði að breyta næsta vor. Hún segir litla virðingu á þjóðþingum samevrópskt vandamál. Hún vill hækka laun þingmanna og breyta starfsumhverfinu.

Forseti Alþingis, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, hefur staðið í ströngu síðustu vikur. Lengi vel gekk hvorki né rak að semja um þinglok og ásakanir um málþóf voru háværar. Ásta Ragnheiður segir að Alþingi sé eina þjóðþingið á Norðurlöndunum þar sem hægt sé að tala endalaust í málum.

„Áður en þingsköpum var breytt árið 2007 var hægt að halda endalaust langar ræður. Í því fólust tafir stjórnarandstöðu í málum sem hún var andvíg. Á þeim tíma var það vilji forystu þingsins að reyna að breyta þessu, enda væri ekki gott yfirbragð á þinginu. Til að komast fyrir þetta var þingsköpum breytt í þá veru sem menn töldu að gefa myndi styttri og snarpari samskipti, með andsvörum og stuttum ræðum.

Nú geta menn haldið 5 mínútna ræður oft, endalaust í rauninni, og farið í andsvör. Með þessu átti að koma upp snarpari skoðanaskiptum, en þau hafa reyndar breyst í eitthvað annað.

Ég var óbreyttur þingmaður á þessum tíma og varaði við þessari breytingu. Í henni fælist tækifæri fyrir stjórnarandstöðu hverju sinni til að tala endalaust. Þingmaður þarf ekki að hafa nema tvo aðra með sér og þá er hægt að taka mál í gíslingu á vöktum. Menn trúðu því hins vegar ekki að það yrði gert.

Þetta er eitt af því sem bíður þingskapanefndarinnar næsta vetur og ég held að okkur eigi að auðnast að breyta þessum lögum á næsta þingi, þannig að þær gætu tekið gildi fyrir næstu kosningar.“

*Er mikilvægt að miða við kosningar þegar óljóst er hver verður í stjórn eða stjórnarandstöðu?*

„Það verður aldrei hægt að fá svona breytingu samþykkta nema í ljósi þess að ekki er vitað hver verður í hvaða hlutverki eftir kosningar. Þetta er því góður tímapunktur til breytinga.“

### Langir þingfundir

Líkt og áður segir bjóða þingsköp hér á landi upp á það að þingmenn geti talað endalaust. Ásta Ragnheiður segir að þingfundir standi lengur, það sýni tölurnar, og að fundum hafi fjölgað. Áður fyrr hafi starfsáætlun þingsins í meginatriðum haldist, en það hafi breyst síðustu ár, þótt hún hafi barist fyrir því að halda áætlun á hverju ári.

„Við sjáum að þingfundir stóðu í 846 klukkustundir á nýyfirstöðnu þingi, 800 klukkustundir þingið þar áður og 886 klukkustundir þingið 2009 til 2010. Ef litið er aftur til 2003 til 2007 var lengst fundað á þinginu 2005 til 2006, eða 628 klukkustundir.

Til samanburðar funda norskir þingmenn á milli 400 og 500 klukkustundir að meðaltali og danskir á milli 500 og 600 klukkustundir.“

*En þýðir þetta þá að þingmenn hafi tekið mál í gíslingu, eins og þú varaðir við á sínum tíma?*

„Það er allavega þannig að það hefur reynst auðvelt að tala lengi í málum eins og áður, þegar einn þingmaður þurfti að flytja mjög langar ræður. Nú skipast menn á að halda margar stuttar ræður.“

*Vann breytingin þá gegn markmiðum sínum?*

„Já, þetta hefur þróast öðruvísi en menn ætluðu og ég held að allir sjái að það þarf að breyta þessu. En það er ekkert óeðlilegt að þingmenn nýti þau tæki sem þeir hafa í lögunum, ef menn ætla sér það.“

Ásta Ragnheiður segir að þingskaparnefnd leiti fyrirmynda á Norðurlöndunum hvað varðar endurskoðun þingskapa sem von er á næsta vor. Alþingi eigi að standa þjóðþingum Norðurlanda jafnfætis hvað varðar kaup og kjör, aðbúnað, vinnubrögð og lengd starfstíma.

### Eftirlitshlutverk styrkt

Ásta Ragnheiður segir skýrslu, sem unnin var undir stjórn Bryndísar Hlöðversdóttur fyrir Alþingi, vera uppsprettu margra heilladrjúgra breytinga. Þar var sérstaklega horft til þess að efla eftirlitshlutverk Alþingis. „Sá þáttur þingsins er geysilega mikilvægur; eftirlitið með framkvæmdarvaldinu. Við höfum komið á ýmsum breytingum til að styrkja það. Til að mynda höfum við breytt nefndaskipan og sú vinna er enn í þróun.

Áður var það þannig að nefndirnar skiptust eftir ráðuneytum og hver ráðherra „átti“ nánast eina nefnd, ef svo má segja. Samkvæmt ábendingum skýrslunnar eru nefndirnar nú þvert á ráðuneyti og geta því betur sinnt eftirlitshlutverkinu.

Þá höfum við fjölgað óundirbúnum fyrirspurnum til ráðherra, þær voru áður einu sinni til tvisvar í mánuði, en eru nú tvisvar í viku. Sérstakar umræður, undirbúnar fyrirspurnir til ráðherra, möguleikar þingsins á að óska eftir skýrslum; allt þetta höfum við eflt og eftirlitshlutverkið með. Þá höfum við styrkt stöðu minnihlutans á ýmsan hátt.“

### Frumvörp fyrr á ferð

Alþingi kemur saman í haust, annan þriðjudag í september samkvæmt breyttum þingsköpum, en áður kom það saman 1. október. Ásta Ragnheiður segir að þetta breyti starfsháttum. Áður hafi mál hlaðist upp á septemberstubb sem nú sé aflagður og þá gengið erfiðlega að klára þau.

Þá hefur sú breyting verið gerð að fjármálaráðherra þarf að leggja fram þingsályktunartillögu fyrir 1. apríl þar sem megindrættir fjárlaga næsta fjárlagaárs koma fram. Það gerist í fyrsta skipti á næsta þingi.

„Fjárlagafrumvarpið verður síðan fyrsta frumvarpið í haust. Að öllum líkindum ætti að takast að ljúka þeirri vinnu í kringum 10. desember.

Ég vona að með því að byrja svona snemma lendum við ekki í þeim vanda sem við höfum verið undanfarin þing, að fá megnið af þingmálum inn síðustu daga fyrir jól og svo síðasta dag fyrir lokadag vorsins. Það er hluti af þeim vanda sem við höfum glímt við undanfarið.“

### Samevrópskt virðingarleysi

Virðing Íslendinga fyrir Alþingi hefur farið þverrandi og samkvæmt könnunum bera nú undir tíu prósent aðspurðra traust til þingsins. Ásta Ragnheiður segir þetta vera samevrópskt vandamál.

„Ég sótti fund þingforseta Evrópuríkja í apríl og þar var eitt aðalumræðuefnið minnkandi virðing og traust til þjóðþinga. Það er áhyggjuefni allra þingforseta í Evrópu hvað þetta hefur breyst, við verra efnahagsástand í heiminum.

Evrópusambandið lætur árlega gera könnun á þessu í ríkjum sínum og umsóknarríkjum. Alþingi mælist um það bil í miðjunni miðað við þjóðþing annarra ríkja.“

*En er þetta ekki áhyggjuefni?*

„Jú, auðvitað eigum við að hafa metnað til þess að almenningur beri almennt traust til löggjafarþingsins. Ég held að við getum gert ýmislegt til að bæta ástandið, en það er auðvitað undir því fólki sem er á löggjafarsamkundunni komið.“

Ásta Ragnheiður kom inn á þetta í ræðu sinni við þinglok á þriðjudag, en þar sagði hún: „Það er mikið umhugsunarefni hvernig þingstörfum hefur undið fram síðustu vikurnar. Mikilvægt er því að þingmenn hugleiði þessa stöðu og stöðu Alþingis almennt og komi til þings að nýju með þann ásetning að koma málum hér í betra horf.“



**FORSETI ALÞINGIS** Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir telur að breyta þurfi starfsháttum og starfsumhverfi Alþingis til þess sem gerist á Norðurlöndunum. Setja þurfi ræðutíma takmörk og hækka laun þingmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Óendanlega þakklát fyrir gott starfsfólk

Mikið hefur mætt á starfsfólki Alþingis í ati síðustu ára og segir Ásta Ragnheiður það hafa unnið gríðarlega gott starf. „Ég er óendanlega þakklát fyrir þann mannauð sem Alþingi býr við í góðu starfsfólki. Það er alveg ómetanlegt og það hefur gert kraftaverk við þær aðstæður sem ríkt hafa. Fjölskyldufólk hefur verið fjarri heimilum sínum dögum og jafnvel vikum saman við vinnu í þágu þingsins og þingmanna.

Starfsfólkið er líka mjög tryggt Alþingi og hér eru ekki mikil mannaskipti. Hér eru yfir hundrað starfsmenn og forseti þingsins þarf ekki síður að huga að velferð þeirra en þingmanna við þessar aðstæður. Það þarf að gæta að mörgu. Ég er mjög þakklát fyrir það og ég held að þingmenn sjái þetta líka vel. Margir hafa komið að máli við mig um hvað starfskrafturinn hér sé ótrúlega góður.“


# Hvalaskoðun frá Hafnarfirði




Útsýnis- og skemmtiskipið Ísafold við Hafnarfjarðarhöfn

- Hvalaskoðun klukkan 13:15, alla daga
- Hvalaskoðun og sjóstangaveiði
- Útsýnisferðir / afmælisferðir / hópferðir
- Leiga á skipinu til veisluhalda og fyrir viðburði

Fyrirvari: Lágmarksfjölda þarf í hverja ferð.
Nauðsynlegt að panta farmiða í síma eða með tölvupósti.

SiglingaFerðir

ÍSAFOLD LIGGUR VIÐ NORÐURBAKKANN FYRIR FRAMAN BLOKKIRNAR Á BRYGGJUNNI
Upplýsingar og pantanir í síma 456-4000, www.siglingaferdir.is, info@siglingaferdir.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 121861




## SAFETRAVEL KYNNING Á OLÍS-STÖÐVUM Í DAG

-7 kr. Við lækkum eldsneytislítrann um 7 kr. – aðeins í dag!

safetravel.is öryggi á ferðalögum

**Í dag, kl. 16–20, verða félagar úr Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu á Olís-stöðvum og kynna Safetravel-verkefnið og Hálendisvaktina. Af því tilefni lækkum við eldsneytislítrann um 7 kr. á þjónustustöðvum Olís í allan dag og auk þess renna 2 kr. af hverjum lítra til þessara verkefna.**



SAFETRAVEL miðar að því að bæta forvarnir og draga úr slysum á ferðalögum hér á landi. Björgunarsveitir verða auk þess með vakt á hálendinu í sumar.

112 ICELAND er nýtt snjallsímaforrit sem kynnt verður, en með því er á einfaldan hátt hægt að kalla á aðstoð ef um slys eða óhapp er að ræða og einnig skilja eftir sig „slóð“ með GPS-staðsetningum.

Á **safetravel.is** má nálgast allar helstu upplýsingar og ráðgjöf varðandi öryggi á ferðalögum.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

**Olís er einn af aðalstyrktaraðilum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar**

olís

Vinur við veginn!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Er Jóhanna Sigurðardóttir sjálfri sér samkvæm?

## Prinsippkonan

Ein ástæða þess að almenningur hefur svo litla trú á stjórnmálamönnum er að þeir ástunda í sífellu tvöfalt siðgæði. Aldrei er það skýrara en þegar menn færast úr stjórnarandstöðu í ráðherrastól. Þá sitja þeir sem fastast þótt þeir verði uppvísir að mistökum sem þeir höfðu áður talið að ættu klárlega að kosta ráðherra embættið.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra er búin að koma sér í þessa stöðu. Hún hefur lengi verið ötull talsmaður jafnréttis og viljað að jafnréttislöggjöfin hafi raunverulegt bit; menn eigi ekki að komast upp með að brjóta hana. Í fyrravor úrskurðaði kærunefnd jafnréttismála hins vegar að ráðherrann hefði brotið jafnréttislög með því að ráða karl í stöðu skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu og ganga fram hjá konu sem nefndin taldi jafnhæfa til starfans.

Í fyrradag felldi Héraðsdómur Reykjavíkur dóm þess efnis að úrskurður kærunefndarinnar væri bindandi og að ráðherrann hefði brotið jafnréttislögin. Forsætisráðherrann reynir að snúa sig út úr klípunni með orðhengilshætti í fréttatilkynningu, þar sem segir að í dóminum sé „hvorki lagt sjálfstætt né efnislegt mat á það hvort jafnréttislög hafi verið brotin við skipun í embættið".

Það gerir dómurinn náttúrlega ekki, vegna þess að hann telur að samkvæmt laganna hljóðan sé úrskurður nefndarinnar bindandi. Sá stjórnmálamaður, sem barðist harðast fyrir því að úrskurðir kærunefndarinnar yrðu bindandi, og flutti loks um það frumvarp sem félagsmálaráðherra, heitir Jóhanna Sigurðardóttir.

Ráðherrann virðist ekki átta sig á að aðalatriðið í þessu máli er ekki hvort niðurstaða kærunefndarinnar sé rétt, heldur hvort Jóhanna sé sjálfri sér samkvæm og hvort ímyndin sem oft er dregin upp af henni sem prinsippföstum stjórnmálamanni sé sönn.

Þegar algjörlega sambærilegt mál kom upp árið 2004 og kærunefndin úrskurðaði að þáverandi dómsmálaráðherra hefði brotið jafnréttislög (sem hann taldi fráleitt) áleit Jóhanna Sigurðardóttir að hann ætti að segja af sér. „Hjá öðrum lýðræðisþjóðum hefði ráðherra sem brýtur svo gróflega lög og reglur verið látinn fjúka. En hér á landi er allt leyfilegt hjá ráðherrum og þeir komast upp með allt," sagði hún þá í þingræðu. Hún þurfti hvorki dóm héraðsdóms né Hæstaréttar til að komast að þessari niðurstöðu.

Þetta er ekki eini tvískinnungur Jóhönnu í málinu. Hún kom því á að gera úrskurði kærunefndar bindandi. Engu að síður er rakið í dómnum að forsætisráðuneytið hafi sent kærunefndinni bréf þar sem fram kom að ráðuneytið „teldi erfitt að festa hönd á það með hvaða hætti úrskurður kærunefndar jafnréttismála í málinu væri bindandi að lögum. Jafnframt taldi ráðuneytið að úrskurðurinn hefði ekki þau áhrif að til bótaréttar stefnanda hefði stofnast".

Getur verið að þetta hafi vakað fyrir Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún kynnti breytinguna um bindandi úrskurði og sagði: „Með því er niðurstöðum nefndarinnar gefið meira vægi og aukast þá líkur á að farið sé eftir þeim"?!

Auðvitað segir Jóhanna Sigurðardóttir ekki af sér ráðherradómi. Hún þumbast bara áfram eins og forverar hennar, sem hún sakaði um „hroka og vankunnáttu" á jafnréttislögunum. En er til of mikils mælzt að hún biðji kjósendur afsökunar á að hafa þverbrotið sín gömlu og margfrægu prinsipp?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

krakkasíðan
krakkar@frettabladid.is




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fyrirmyndarráðgjöf?

Ingólfur H. Ingólfsson, ráðgjafi í fjármálum, var í viðtali í Viðskiptablaðinu í gær. Þar segir hann frá vinnu sinni við stofnun nýs banka. Hann hefur sett allt sitt sparifé í verkefnið og tekið lán til að setja inn í reksturinn. Gangi verkefnið ekki upp mun Ingólfur missa húsið sitt. Nú er rétt að óska Ingólfi alls hins besta og vona að allt gangi vel. En er þetta góð fjármálaráðgjöf að veðja öllu sínu á einn hest og setja húsið sitt að veði? Og það í verkefni sem felur ekki minna í sér en slag við risastóra banka?



### Spennandi fyrirspurn

Á meðal þeirra fyrirspurna sem ekki gafst tími til að svara fyrir þinglok var þessi frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins: „Hversu mörg eldgos hafa verið á Íslandi síðustu tuttugu ár, sundurliðað eftir árum, og hversu mikið hefur áætlað útstreymi gróðurhúsalofttegunda verið í hverju eldgosi fyrir sig?" Spennandi verður að sjá svarið og hvað vakir fyrir fyrirspyrjanda.

### Hinn meinti hroki

Nýjasti pistill Björns Bjarnasonar á Evrópuvaktinni er lýsing á leiðtogafundi G20-ríkjanna. Þar fer hann ófögrum orðum um Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, segir hann hafa sett sig á háan hest gagnvart öðrum á fundinum þegar hann frábað sér að aðrir leiðtogar segðu ESB fyrir verkum varðandi Evrópuvandann. Björn telur þetta dæmi um mikinn hroka Barroso. En ef dæminu væri snúið við? Ef Obama hefði frábeðið sér afskipti ESB af því hvernig leysa ætti efnahagsvandræði Bandaríkjanna? Ætli Björn hefði verið jafn hneykslaður á hroka forseta Bandaríkjanna? Trauðla.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Sáttavilji ítrekaður

Dómsmál



Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra

Nú er fallinn í Héraðsdómi Reykjavíkur dómur í máli sem varðar skipun í embætti skrifstofustjóra á skrifstofu stjórnsýslu- og samfélagsþróunar í forsætisráðuneytinu þar sem ríkið er sýknað af háum skaðabótum en dæmt til þess að greiða miskabætur.

Dómurinn kveður á um að greiddar skuli 500 þúsund krónur í miskabætur, sama fjárhæð og ég bauð til sátta þegar í kjölfar úrskurðar kærunefndar jafnréttismála. Sjónarmið mitt var frá upphafi að leita allra leiða til sátta í málinu þannig að það þyrfti ekki á neinu stigi að fara fyrir dómstóla. Þeim sáttavilja mínum var ítrekað komið á framfæri við kæranda, bæði munnlega og skriflega, eins og rakið er í málsgögnum.

Ég ákvað að fara ekki í mál til ógildingar úrskurði kærunefndar jafnréttismála, þvert á það sem haldið hefur verið fram í fjölmiðlum, enda hefur ýmsu verið snúið á hvolf í þessu máli í opinberri umræðu. Dómurinn nú byggir á því, að fyrst ekki hafi verið höfðað slíkt ógildingarmál beri að líta svo á að úrskurður kærunefndar jafnréttismála sé bindandi, samkvæmt ákvæði í jafnréttislögum sem ekki hefur reynt á áður.

> Nú liggur niðurstaða Héraðsdóms fyrir og er dómurinn í góðu samræmi við þá sátt sem ég ítrekað bauð.

Ákvæði sem ég sem félags- og tryggingamálaráðherra lagði áherslu á að öðlaðist lagagildi og styrkti þannig umhverfi jafnréttismála.

Nú liggur niðurstaða Héraðsdóms fyrir og er dómurinn í góðu samræmi við þá sátt sem ég ítrekað bauð. Miskabætur skal samkvæmt dómnum greiða vegna yfirlýsingar sem birt var á vef forsætisráðuneytisins í tilefni af úrskurði kærunefndar jafnréttismála og einnig vegna skipan rýnihóps hlutlausra sérfræðinga. Rýnihópurinn átti að meta hvaða lærdóm mætti draga af málinu, meðal annars hvernig hægt væri að samræma vinnubrögð og viðmið innan Stjórnarráðsins við opinberar embættisveitingar. Í ljósi niðurstöðu dómsins er sjálfsagt að biðja stefnanda, Önnu Kristínu Ólafsdóttur, velvirðingar á þeim miska sem málið kann að hafa valdið henni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Að banna útlendinga

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Á undan leikjum á EM karla í knattspyrnu er auglýsing frá UEFA sem sýnir fólk af ólíkum stærðum og gerðum skiptast á fótboltatreyjum. Það eru auðvitað góð skilaboð: Við ættum aldrei að mismuna fólki vegna einhvers sem það ræður engu um. Síðan er það spurning hvort íþróttahreyfingar nær og fjær fylgi sjálfar þessari reglu.

Stærsta jafnréttisskref í málefnum íþróttamanna í Evrópu var stigið með svokölluðum Bosman-dómi sem kveðinn var upp frammi fyrir Evrópudómstólnum árið 1995. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að takmarkanir á fjölda erlendra (evrópskra) leikmanna í félagsliðum fælu í sér mismunun á grundvelli þjóðernis. Vegabréf leikmanna ættu ekki að skipta máli, einungis geta þeirra á vellinum.

Einn þeirra aðila sem tapaði umræddu máli gegn belgíska knattspyrnumanninum Jean-Marc Bosman var sjálft knattspyrnusamband Evrópu, UEFA. Síðan þá hafa UEFA, FIFA og fjölmörg landssambönd í hópíþróttum reynt að finna leiðir til að snúa dómnum við. FIFA hefur nú í nokkurn tíma tuðað í Evrópusambandinu um að fá að innleiða svokallaða „6+5“ reglu, sem með réttu ætti að kalla „max 5“ reglu. Í henni fælist að félagslið mætti ekki byrja með fleiri en fimm útlendinga inni á vellinum. Til allrar hamingju virðist ESB ekki ætla að láta beygja sig í þessu máli.

En svona er þetta. Áhangendurnir eiga að klappa brosandi fyrir erlendum leikmönnum meðan forráðamenn í íþróttahreyfingunni leita leiða til að fækka þeim. Hvernig skilaboð eru það?

Nýlega skrifaði enskur leikmaður Fram, Sam Tillen, grein á vefinn fotbolti.net þar sem hann vísar til umræðu í kjölfar fótboltaleiks hérlendis þar sem meirihluti leikmanna á vellinum voru útlendingar. Hann benti á það að innan við 40% leikmanna í ensku deildinni væru enskir. Alveg óháð því hvort við lítum á það sem „vandamál“ eða ekki þá er það staðreynd að Bosman-dómurinn hefur opnað leiðir fyrir marga íslenska knattspyrnumenn. Það sést á fjölda íslenskra landsliðsmanna sem nú spila erlendis. Fyrir daga dómsins voru örfáir leikmenn landsliðsins á mála hjá erlendum félagsliðum, nú er nánast allt landsliðið atvinnumenn.

Ef við gleðjumst yfir því að margfalt fleiri ungir Íslendingar hafi fengið tækifæri til að spila með liðum á Englandi þá getum við vart hneykslast yfir því að einstaka atvinnulaus Englendingur fái að sparka í bolta með ÍBV.

### Hvíta deildin

Körfuknattleikssamband Íslands hefur nú samþykkt miklar takmarkanir á fjölda útlendinga í íslenskum körfuboltaliðum. Framvegis verður einungis heimilt að hafa tvo útlendinga inni á vellinum í karladeildinni. Í kvennadeildinni á þessi tala að vera einn. Samkvæmt ársskýrslu Alþjóðakörfuknattleikssambandsins, FIBA, um atvinnuflutninga körfuknattleiksfólks voru einungis Ástralía og Kína með jafníþyngjandi reglur um útlendinga í deildum sínum (þ.e. að hámarki tveir). Skýrsla FIBA kallaði þær reglur „drastískar“. Tökum eftir því að íslenska deildin hafði þegar hámörk á fjölda óevrópskra (í reynd: bandarískra) leikmanna. Það er erfitt að átta sig á þörf á enn frekari herðingu þeirra reglna. Hvers vegna ættu íslenskir leikmenn að verða betri við það að fá að spila meira í lélegri deild?




> Það er erfitt að átta sig á þörf á enn frekari herðingu þeirra reglna. Hvers vegna ættu íslenskir leikmenn að verða betri við það að fá að spila meira í lélegri deild?

Tökum líka eftir því að þessar takmarkanir geta hindrað að menn sem búið hafa lengi á landinu, jafnvel alist upp hjá liðum sínum, en hafa erlent ríkisfang, fái að spila. Þær munu koma illa niður á liðum úti á landi þar sem stór hluti leikmanna er erlendur. Það er einfaldlega hæpið að KKÍ geti bannað leikmönnum af EES-svæðinu að spila með íslenskum félagsliðum eða takmarkað svo mjög fjölda þeirra sem hér er reynt að gera. EES-samningurinn og Bosman-dómurinn hindra slíkt, og þessar takmarkanir verða mjög líklega dæmdar ólöglegar ef einhver kærir sig um að láta reyna á þær fyrir dómi. Vonum að einhver geri það.

En jafnvel þótt þetta stæðist EES-samninginn þá er hann auðvitað ekki allt. Þetta snýst um gullnu regluna: „Viljum við að svona sé komið fram við okkur?“ Myndum við vilja að íslenskar konur sem vildu spila körfubolta erlendis þyrftu alls staðar að keppa um eina lausa „útlendingssætið?“ Varla. Við getum ekki vænst þess að fá tækifæri alls staðar ef við sjálf leggjum tolla á fólk.



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**359** KR. 480 G
10 STK. BÓNUS PYLSUR

**159** KR. 5 STK.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ

**639** KR. 560 G
SS VÍNARPYLSUR 10 STK.

**98** KR. 200 G
EUROSHOPPER STEIKTUR LAUKUR

**259** KR. 770 GR
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770 GR

**298** KR. KG
MYLLU MÖNDLUKAKA 420 GR.

**198** KR. 4 STK.
KORNKUBBAR NÝBAKAÐIR 4 TEG.

## BÓNUS FETI
Í GRÆNMETISSALATIÐ

**298** KR. 250 GR
OSTUR Í KRYDDOLÍU
OSTUR OG ÓLÍFUR Í KRYDDOLÍU

BÓNUS FERSKT SPÍNAT 200 GR

**398** KR. 200 G
FERSKT BÓNUS SPÍNAT

FROSNIR
AÐEINS 170 KR. STK.
100% NAUTAKJÖT

**139** KR. 2 STK.
BÓNUS HEILKORNA HAMBORGARABRAUÐ

**1698** KR. 10 STK.
10 STK. STÓRIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR

## EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR 900 GR
## 1498 KR.

KYCKLINGFILÉ
STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%
900 g

Egils
APPELSÍN
LIMONAÐI

**139** KR. 1 LTR.

**79** KR. DÓSIN

Rjómaís með vanillu
Rjómaís með súkkulaði
Rjómaís með Daimkúlum

EMMESS SKAFÍS
DAIM - SÚKKULAÐI - VANILLU
**498 KR.**

BÓNUS 24 STK. ÍSPINNAR
GRÆNIR OG BLÁIR **698 KR.**

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**398** KR. 2 STK.

ÍSLANDSNAUT FERSKIR 2 X 140 GR.
UNGNAUTA -HAMBORGARAR




**1598** KR. PK.

FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
10 STK X 120 GR.



KOOPMAN EINNOTA **PLASTMÁL**
50 STK **198 KR**

KOOPMAN EINNOTA **DISKAR 22 CM**
50 STK **579 KR**




**898** KR. 9 RÚLLUR

**Rúlluleikur Fjólu Papco**
Leynist vinningur í þínum pakka
af Fjólu salernispappír?




**79** KR. DÓSIN



FRYSTI VARA

**2798** KR. KG

**DANSKT FROSIÐ NAUTARIBEYE**



FRYSTI VARA

**3998** KR. KG

**ÞÝSK FROSIN NAUTALUND**

## ÍSLENSKUR LAX
## BEINT Á GRILLIÐ




**1898** KR. KG.

NORÐANFISKUR **LAX GRILL-
KRYDDAÐUR BEINHR. M.ROÐI**




**1898** KR. KG

NORÐANFISKUR **ÍSLENSKUR LAX
FROSINN BEINHR. M.ROÐI**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



**1495** KR. KG

FROSIÐ LAMBA KJÖT

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



FROSIÐ LAMBA KJÖT

**798** KR. KG

KS **FROSINN LAMBABÓGUR**

NÝ UPPSKERA
FRÁ FRAKKLANDI

## KARTÖFLUR
## 259 KR.KG





**ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU**
**359 KR.KG**



**ÍSLENSK PAPRIKA PÖKKUÐ**
**798 KR.KG**




**ÍSLENSKAR AGÚRKUR 350 GR**
**149 KR STK.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**84** **STEINGRÍMUR HERMANNSSON** (1928-2010) fæddist á þessum degi fyrir 84 árum.

*„Óttist ekki: Af litlum stofni getur komið góður árgangur.“*

---

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EGILL VALGEIRSSON**



lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, Hringbraut 50, þriðjudaginn 19. júní. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 27. júní kl. 15.00.

**Ásdís Egilsdóttir** **Erlendur Sveinsson**
**Hrefna Egilsdóttir** **Sigurður Pálsson Beck**
**Dagný Egilsdóttir** **Magnús Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓLAFUR SVEINSSON**
**tæknifræðingur,**
**Hagaseli 32,**



lést mánudaginn 18. júní á Landspítalanum. Útför hans fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 27. júní kl. 13.00.

**Ingibjörg Jónsdóttir**
**Hanna Ólafsdóttir**
**Guðríður Ólafsdóttir** **Ársæll Már Arnarsson**
**Freydís Sif Ólafsdóttir** **Árni Már Rúnarsson**
**Þórdís Jóna Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**

---

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**GUNNLAUGS GUNNARSSONAR**
***Æsufelli 4, Reykjavík.***



Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæsludeildar LSH, Fossvogi.

**Þorbjörg Einarsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

**ÓLAFÍA KRISTÍN HANNESDÓTTIR**
**sjúkraliði,**
**Drekavöllum 26, Hafnarfirði,**
***áður Bólstaðahlíð 33, Reykjavík,***



verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 22. júní kl. 15.00.

**Auðlín Hanna Hannesdóttir** **Ólafur G. Vigfússon**
**Þorsteinn Óli Hannesson** **Ágústa Guðmundsdóttir**
**og aðrir vandamenn.**

---

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN THORARENSEN**
**áður til heimilis að Fjölnisvegi 14,**



andaðist á Droplaugarstöðum föstudaginn 15. júní. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Margrét Árnadóttir Auðuns** **Halldór Björn Runólfsson**
**Árni Halldórsson** **Natalie Preston**
**Sigrún Halldórsdóttir** **Fjalar Sigurðarson**
**Ylfa Margrét Fjalarsdóttir**

---


**GL GRANÍT OG LEGSTEINAR**

*Mikið úrval*

*Allir legsteinar á kr. 75.000,-*



Miðhraun 22 b, 210 Garðabæ, Sími 571 0400 granit@granit.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---



**SIGURJÓN PÁLSSON** Þetta er í fyrsta sinn sem frumraun höfundar hlýtur Blóðdropann, sem var fyrst veittur árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

SIGURJÓN PÁLSSON: HLAUT BLÓÐDROPANN FYRIR FYRSTU SPENNUSÖGU SÍNA

# Vann Blóðdropann með Klækjum

„Það er mikill heiður að fá þessa viðurkenningu og ég er mjög upp með mér yfir þessari viðurkenningu,“ segir Sigurjón Pálsson, höfundur skáldsögunnar Klækir, sem hlaut í gær Blóðdropann, hin íslensku glæpasagnaverðlaun.

Klækir er fyrsta bók Sigurjóns en hann var tilnefndur til Blóðdropans ásamt þrautreyndum glæpasagnahöfundum á borð við Arnald Indriðason, Yrsu Sigurðardóttur og Stefán Mána.

„Ég var orðlaus þegar mér var sagt að ég hefði unnið,“ segir Sigurjón. „Ég átti virkilega ekki von á þessu, enda held ég að þetta sé í fyrsta sinn sem fyrsta verk höfundar vinnur til Blóðdropans. Það er ekki hægt að biðja um það betra.“

Klækir er ekki dæmigerð íslensk glæpasaga, reyndar segir í umsögn dómnefndar að bók á borð við þessa hafi vart áður tilheyrt íslenskri bókmenntasögu. Bókin fjallar um unga íslenska konu sem bjargar bandarískum öldungadeildarþingmanni frá því að verða myrtur af hryðjuverkamönnum í Afganistan og hrindir með því af stað röð atvika þar sem margt óvænt hangir á spýtunni. „Já, söguþráðurinn er líklega meira alþjóðlegs eðlis en flestir íslenskir reyfarar,“ segir Sigurjón en segir það þó ekki endilega hafa vakað fyrir sér. „Ég settist bara niður í ágúst 2009 og byrjaði að skrifa. Líklega hefur sagan verið búin að blunda eitthvað innra með mér því beinagrindin að sögunni kom nokkuð áreynslulaust.“

Sigurjón starfaði lengi sem hönnuður og hafði afkomu sína af byggingageiranum og segir það aldrei hafa hvarfað að honum að skrifa bók.

„Svo kom hrunið og þá gjörbreyttust aðstæður hjá mér. En þegar einar dyr lokast opnast aðrar, eins og sagt er.“

Sigurjón fékk ekki útgefanda að bókinni en þeir sem voru honum innan handar við skriftirnar hvöttu hann til að gefa hana út sjálfur, sem og hann gerði.

„Það má kannski segja að bókin sé að fá uppreisn æru og sanna að hún eigi erindi. Hún fékk ekki mikla athygli þegar hún kom út en ég vona að þessi verðlaun eigi eftir að auka áhugann á henni.“ Blóðdropinn gerir Klæki jafnframt gjaldgenga til Glerlykilsins, hinna norrænu glæpasagnaverðlauna. Til þess þarf Sigurjón hins vegar að láta þýða bókina og vonast hann til að komast að samkomulagi við forlag til þess.

Sigurjón kveðst vera langt kominn með aðra bók, sjálfstætt framhald Klækja þar sem sömu persónur koma við sögu. Spurður um hugsanlegan útgáfudag segist Sigurjón ekki reikna með að gefa hana út sjálfur og það velti því á hvernig um semst við bókaútgefendur.

„Ég lít bara björtum augum til framtíðar á þessum bjartasta degi ársins.“

Auk prentútgáfunnar er Klækir fáanleg í rafbókarútgáfu á emma.is, þar sem má hlaða henni niður ókeypis.

bergsteinn@frettabladid.is

## Úr umsögn dómnefndar

„Höfundurinn, Sigurjón Pálsson, kynnir sig á bókarkápu sem hönnuð og „óskrifað blað í íslenskri bókmenntasögu“. Því má bæta við að bók á borð við þessa hefur vart áður tilheyrt íslenskri bókmenntasögu. Þetta er bók sem sver sig í ætt við ýmsar bækur erlendar þar sem atburðarás gerist oft flókin og mikið er lagt undir og við sögu koma menn í háum embættum, forsetar og ráðherrar, enda oft örlög sjálfrar heimsbyggðarinnar að veði. [...] Bókin er þrælspennandi og verðug Blóðdropans.“

Í dómnefnd sátu: Auður Aðalsteinsdóttir, Ingvi Þór Kormáksson formaður nefndarinnar og Rósa Björk Gunnarsdóttir.

---

**ÞETTA GERÐIST: 22. JÚNÍ 1977**

# Ríkissaksóknari í fangelsi



Á þessum degi árið 1977 hóf John Mitchell (1913-1988) fangelsisafplánun fyrir glæpi sína í Watergate-hneykslinu og varð þar með fyrsti ríkissaksóknari Bandaríkjanna til að fara í steininn.

Mitchell, sem var fæddur í Detroit, lagði stund á lögfræði við Fordham-háskóla í New York og varð fljótt dugmikill lögfræðingur. Árið 1967 sameinaðist lögfræðistofan sem hann starfaði hjá fyrirtæki Richards M. Nixon, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, sem varð til þess að líf hans breytti um stefnu.

Ári seinna hafði Mitchell umsjón með árangursríkri kosningaherferð Nixons í forsetakosningunum, sem átti sinn þátt í því að hann varð ríkissaksóknari 1969. Þremur árum síðar sagði Mitchell af sér til að geta stýrt annarri kosningaherferð fyrir Nixon svo hann næði endurkjöri sem forseti og hóf almenn lögfræðistörf eftir það.

Mitchell var sóttur til saka af dómstólnum í New York árið 1973, ákærður fyrir að hindra framgang réttvísinnar í rannsókn á leynilegum fjárframlögum í kosningasjóð Nixons. Hann var sýknaður 1974, en stefnt sama ár fyrir samsæri og aðrar sakir í Watergate-hneykslinu. Hann hlaut átta ára skilorðsbundinn dóm í Washington D.C. 1975.

Mitchell hóf fangelsisafplánun árið 1977, eftir að áfrýjunum hafði verið vísað frá. Hann var náðaður í ársbyrjun 1978 og starfaði sem viðskiptaráðgjafi eftir að hafa verið sviptur málflutningsleyfi.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BJARTMAR Á VESTURLANDI

**Bjartmar Guðlaugsson verður með Jónsmessutónleika á Arnarstapa, Snæfellsnesi, annað kvöld kl. 21. Tónleikarnir verða utandyra og er aðgangur ókeypis. Þá opnar Bjartmar málverkasýningu í Hótel Stykkishólmi á sunnudag kl. 15.**









**BEIKONVAFIN OG FYLLT MEÐ RJÓMAOSTI** Beikonvafin Holta kjúklingabringa fyllt með rjómaosti, grilluðu grænmeti og balsamiksósu er tilvalin í hið fínasta matarboð.

# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Sjónvarpskokkurinn Kristján Hlöðversson í þáttunum Eldað með Holta á ÍNN gefur kjúklingauppskriftir alla föstudaga. Hér er hann með fylltar Holta kjúklingabringur, grillað grænmeti og balsamiksósu.*

Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson sér um þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar matreiðir hann skemmtilega og litríka rétti með Holta-kjúklingum frá Reykjagarði. Á föstudögum gefur hann girnilega uppskrift og nú er það uppskrift að beikonvöfðum Holta kjúklingabringum fylltum með rjómaosti, grilluðu grænmeti og balsamiksósu. Veglegur réttur sem tilvalinn er í fínasta matarboð, jafnt sem rómantíska kvöldmáltíð. Hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir eru endursýndir yfir helgina en einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is.



## BEIKONVAFÐAR KJÚKLINGABRINGUR FYLLTAR MEÐ RJÓMAOSTI OG GRILLUÐU GRÆNMETI

**FYLLING**

**200 g rjómaostur**
**3 msk. basil-pestó**
**100 ml grænar ólífur**

**KJÚKLINGUR OG GRÆNMETI**

**4 Holta kjúklingabringur**
**beikon, tveir pakkar**
**Vasi er skorinn langsum í kjúklingabringurnar og fyllingin sett þar í. Kryddað með McCormick-kjúklingakryddi. Beikoninu er vafið um bringurnar og þær grillaðar í um það bil 20 mínútur. Skerið eggaldin í sneiðar, kúrbít og blaðlauk, penslið með olíu, kryddið með salti og pipar og grillið í um 7 til 10 mínútur.**

**BALSAMIKSÓSA**

**1 dl ólífuolía**
**2 msk. hunang**
**3 msk. balsamikedik**
**1 límóna**
**steinselja**
**salt og pipar**
**Balsamikediki, hunangi, límónusafa, salti og pipar hrært saman og síðan blandað saman við olíuna.**







# Sumar götur eru sumargötur í miðborginni!

Gangandi og hjólandi ferðast um göngugöturnar í sátt og samlyndi.

## Helstu viðburðir:

**Hallgrímskirkja:** Drusluganga, laugardag kl. 14:00
**Ingólfstorg:** Ylströnd Ingólfs og úrslitakppni EM undir berum himni á risaskjá

**Lækjartorg:** Laugardagstónleikar frá kl. 14:00
**Hljómalindarreitur:** Listahópurinn Byssukisi og dj Narko Nikovsky í Hjartagarði

**Fógetagarður Biðsvæði:** Tímabundin innsetning, ljúfir tónar og fallegt umhverfi

*og margt margt fleira.*

## Næg bílastæði í bílahúsum

*Bílastæðahúsin við Traðarkot, Bergstaðastræti og við Stjörnuport efst á Laugavegi, eru opin!*



Fjölmennum í miðborgina, verslum og njótum *- þar sem hjartað slær!*



*Traðarkot*



*Vitatorg*



*Bergstaðastræti*

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

MIÐBORGIN OKKAR

Kraftaverk

22. JÚNÍ 2012

# Lífið




Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Miðbær Reykjavíkur iðaði af lífi í sólinni í vikunni. Jakob Frímann Magnússon, Egill Ólafsson og **Ragnhildur Gísladóttir** Stuðmenn með meiru sáust á röltinu en þó ekki saman. Söngkonan **Emilíana Torrini** og unnusti hennar leiddust hönd í hönd er þau gengu niður Laugaveginn á meðan tónlistarmaðurinn **Högni** í Hjaltalín spilaði á gítar á svölum fyrir gangandi vegfarendur.










Lífið

UMSJÓN

**Elly Ármanns** elly@365.is

**Kolbrún Pálína Helgadóttir** kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.

Forsíðumynd Instagram myndir

Útlitshönnun Arnór Bogason

Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is

Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid


# FÆDDI DRENG Á BÍLASTÆÐI

Hugrún Dögg Árnadóttir og Magni Þorsteinsson eigendur og hönnuðir Kron by Kronkron eignuðust sitt annað barn 18. júní. Það er óhætt að segja að drengurinn hafi komið í heiminn með látum en Hugrún náði ekki lengra en á bílastæði fæðingardeildarinnar þar sem hann fæddist.

„Já, þetta var bílastæðafæðing hjá okkur í þetta skiptið. Mamman í fullum skrúða og enn á hælunum á planinu er drengurinn kom í heiminn. Gekk annars alveg eins og í sögu og erum við bara alveg yndislega sæl með nýfædda drenginn okkar," segir Hugrún en þau eiga fyrir drenginn Míó sem fæddist 30. ágúst árið 2008.











# FRUMBURÐURINN KOM Í HEIMINN 17. JÚNÍ

Hafdís Huld söngkona og eiginmaður hennar Alisdair eignuðust stúlku á þjóðhátíðardaginn, þremur vikum fyrir tímann. Þau unnu saman að nýrri plötu á meðgöngunni ásamt því að koma sér fyrir í fallegu húsi í Mosfellsdalnum.

**Hvernig leið þér á meðgöngunni?** Ég fékk alveg að kynnast þessum helstu fylgikvillum óléttunnar og viðurkenni að ég hef oft verið líkamlega hressari, en fyrst og fremst er ég nú samt bara hamingjusöm og full tilhlökkunar yfir þessu öllu saman.

**Hvernig stóð Alisdair unnusti þinn sig á hliðarlínunni á meðgöngunni?** Já, enski herramaðurinn minn var duglegur að bjóða óléttu konunni sinni fótanudd, kalda og heita bakstra og annað sem við á. Ég þarf aldrei að efast um að við erum að gera þetta saman.

**Voruð þið búin að ákveða að þetta væri rétti tíminn fyrir barneignir?** Já, okkur fannst rétti tíminn kominn til þess að stofna fjölskyldu. Komin í yndislegt barnvænt umhverfi og tónlistarferillinn á góðu róli.





Við keyptum gamalt hús í Mosfellsdalnum, draumurinn okkar var alltaf að búa aðeins fyrir utan bæinn þar sem við gætum unnið að tónlistinni í ró og næði.




Platan sem ég var að senda frá mér heitir Vögguvísur. Ég myndi ekki beint lýsa henni sem barnaplötu, þetta er ljúf órafmögnuð plata sem ætti að henta fólki á öllum aldri þó svo að efnistökin séu barnvæn.

MYND/ANTON

A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME

# SUMAR OG SÓL
## í The Pier!

Fallegur svefnsófi
Frábært tilboð:
**169.900.-**
Var: 199.900
Fæst í 3 litum



Sófinn rúmar tvo ásamt geymsluplássi

Líttu á verðið!!



**25%** af sumrinu!



Sumar, sumar!

Falleg polirattansett
þola að vera út í allt að -15° gráðum!
Eigum einnig til sófasett úr Polirattan.



**25%**
Ruggustóll
Nú
**26.175.-**
Var 34.900

Ný sending!
**3 fyrir 2** af glösum



Finndu okkur á Facebook!

the PIER

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



**ÞÓRDÍS ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR OG KRISTRÚN VALDIMARSDÓTTIR**
**Fataverslun Hjálpræðishersins**
„Já, fullt af fólki verslar hérna. Við sjáum alla flóruna í búðinni og það er æðislegt. Fólk er farið að nýta hlutina betur. Fötin kosta frá 500–2000 krónur. Margir koma með notaðan fatnað hingað en það mætti vera meira,“ segir Þórdís.



**HELGA GUÐRÚN VILMUNDARDÓTTIR**
**Arkitekt og einn af eigendum Stáss**
Við seljum íslenska hönnun og tónlist. Allt framleitt á Íslandi. Við erum að vinna með íslenskan efnivið eins og íslensku ullina og álið.

# STEMNING VIÐ HÖFNINA

**Lífið tók púlsinn á mannlífinu við gömlu höfnina í Reykjavík á fallegum sumardegi í vikunni.**



**HJÁLMUR**
pantaður á Ebay

**SÓLGLERAUGU**
Vans

**HÁLSFESTARNAR**
gerði ég sjálf

**ÁGÚSTA KOLBRÚN JÓNSDÓTTIR**
eigandi Jógastúdíós





**KJÓLL & LEGGINGS**
Verslunin SHE

**SILJA HRUND EINARSDÓTTIR**
eigandi verslunarinnar SHE




# KÓKOSOLÍA HREIN OG LÍFRÆN




FRÁBÆRT VERÐ
FÆST Í NÆSTA APÓTEKI

ÁN ALLRA ILM-, LITAR-, ROTVARNA- OG PARABENEFNA.

KÓKOSOLÍA ER LÍFRÆN OLÍA SEM NOTA MÁ Á ALLAN LÍKAMANN, Í ANDLIT OG HÁR. HÚN ER BÆÐI LYKTAR- OG BRAGÐLAUS. KÓKOSOLÍA ER NOTUÐ ÚT Í BAÐVATN, TIL INNTÖKU, Í MATARGERÐ, SEM AUGNFARÐAHREINSIR, SEM NUDDOLÍA, SEM HÁRMASKI OFL.


# GERIR ÞAÐ GOTT Á HEIMSVÍSU



Hólið þessa vikuna fær íslenska fyrirsætan **Kolfinna Kristófersdóttir** sem gerir það gott á heimsvísu en um þessar mundir er hún andlit ítalska tískuhússins Versace fyrir árið 2013.







## Miami sumarlitirnir

Kynnum nýjustu litina frá Bobbi Brown
í Lyfjum & heilsu Kringlunni 22. – 24. júní.
Kórallitir og bleikir tónar.
Ilmur af ströndinni og nýr ljómi fyrir kinnar
til að fullkomna útlitið.





**20% afsláttur***
af öllum Bobbi Brown vörum
föstudag, laugardag og sunnudag.

BOBBI BROWN

Gunnhildur förðunarfræðingur Bobbi Brown
verður með sýnikennslu og ráðgjöf.
Kaupauki fylgir völdum Bobbi Brown vörum.*

* meðan birgðir endast

*Lyf & heilsa*
*Kringlunni*

*www.lyfogheilsa.is*

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

# LÍFIÐ Á INSTAGRAM

**Oft er sagt að hér á okkar litla Ísland þekki allir alla. Með tilkomu Facebook og nú nýverið myndasíðunni Instagram, sem slegið hefur í gegn, hefur samfélagið orðið enn þéttara og fólk fylgist nú enn nánar hvert með öðru. Instagram er einfaldlega myndablogg og oft segir mynd meira en þúsund orð! Lífið kynnti sér lífið á Instagram ...**



## Chloé Ophelia nemi

„Myndin er tekin í Marseille, í Suður-Frakklandi, af Árna Elliot unnusta mínum. Við eigum von á litla drengnum okkar þann 14. júlí eða á Bastilludaginn sem er þjóðardagur Frakka.



## Jón Gnarr borgarstjóri

Borgarstjóri á skrifstofu sinni. Listaverkið er eftir breska listamanninn Banksy og hangir á skrifstofu borgarstjóra í Ráðhúsi Reykjavíkur.




## Nína Björk Gunnarsdóttir ljósmyndari

„Myndin er tekin í Lúxemborg þar sem ég bý og er af mér og Elmu Lísu systur sem heimsótti mig."



## Elínrós Líndal, eigandi ELLA

„Anna Þóra Alfreðsdóttir fyrirsæta er með mér á þessari mynd sem tekin var baksviðs á RFF tískuvikunni á Íslandi."



## Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri

„Hér er ég með tónlistarmanninum KK sem er genginn til liðs við Þjóðleikhúsið, en hann mun leiða hljómsveitina í gamanleiknum Tveggja þjónn eftir Richard Bean, byggðum á verki Goldonis, sem frumsýndur verður hér í haust."



## Margrét Pála Ólafsdóttir, hjá Hjallastefnunni

„Myndin er tekin í Stokkhólmi á leið í siglingu um Eystrasaltið. Spúsa mín átti sem sagt stórafmæli í vikunni og þetta var afmælisgjöfin frá mér."



## Simmi og Jói, eigendur Hamborgarafabrikkunnar

„Þetta móment kemur upp á hverjum degi. Hvor fær að smakka fyrsta borgara dagsins? Annar okkar prófar alltaf fyrsta borgarann á hverjum degi. Við köllum þetta ekki Normandy bardagann, heldur Normal-day bardagann."



## Sigmar Guðmundsson sjónvarpsmaður

Mynd tekin 7. apríl í Bolungarvík á Aldrei fór ég suður á afmælisdegi Sigmars.



## Greta Salóme Eurovision-fari

„Myndin er af mér og pabba mínum þann 9. júní síðastliðinn. Þá útskrifuðumst við bæði, hann úr byggingariðnfræði í HR og ég úr mastersnámi í tónlist. Myndin er tekin þegar við vorum á leiðinni út að borða um kvöldið eftir útskriftirnar."



## Björn Bragi sjónvarpsmaður

„Myndin er tekin baksviðs á Hlustendaverðlaunum FM957 2. júní síðastliðinn. Ég var kynnir kvöldsins en Logi var þarna til að veita verðlaun."



## Helga Arnars, fréttakona

„Besta vinkona mín Erla Tryggvadóttir tók þessa mynd af mér á veitingastaðnum Snaps á Þórsgötu í hádeginu á afmælisdaginn minn 17. júní. Við vorum að fagna 33 árum ásamt því að borða gómsætan krækling. Frábært upphaf á góðum degi."



## Ásdís Rán Gunnarsdóttir, IceQueen

„Þessi mynd er tekin á matsölustað sem heitir Besi. Tilefnið var einfaldlega; vinir út að borða á góðu kvöldi í Sofiu í Búlgaríu."



## Unnur Birna Vilhjálmsdóttir lögfræðingur

„Þetta erum við dóttir mín Erla Rún Pétursdóttir (þarna tæplega 5 mánaða, nú að verða 1 árs) í ungbarnasundi hjá Óla Gísla uppi í Mosó."



## Marín Manda athafnakona

„Myndin var tekin á fornum slóðum í Skagafirði inni í torfbæ frá 18 öld. Sonur minn Bastian Blær er þarna að dólast á bak við en fyrir hann var þetta mögnuð upplifun.



## Björk Eiðsdóttir ritstjóri

„Ég og Nína Dögg Filippusdóttir erum saman á þessari mynd en við höfum verið vinkonur allt frá óhefluðum gelgjuárunum. Hún er tekin á Osushi nýverið þar sem við fórum og nærðumst og fögnuðum ásamt Selmu Björnsdóttir afmælisbarni dagsins áður og Grímuverðlaunatilnefningamethafa ársins. En þetta var einmitt rétt fyrir Grímuverðlaunin og áður en við röltum yfir í Hörpu."



## Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir sjónvarpskona

„Ég var í upptökum í Danmörku fyrir verkefni sem er leyndó eins og stendur. Ljósmyndin er tekin á Hans Tausengade í Óðinsvéum. Með í ferðinni voru pródusentinn Egill Eðvarðsson og kvikmyndatökumaðurinn Björn Helgason."


*Útsalan er hafin í Tvö Líf!*



*30%-70% afsláttur af útsöluvörum!*

*Kjólar, bolir, buxur, nærföt, brjóstagjafafatnaður o,fl.*

*Nú er tíminn að klæða kúluna.*

Nýtt kortatímabil

tvö líf

www.tvolif.is Holtasmári 1 · © 517 8500



## ala Björgvins söngkona

tta er veturinn 2009 þegar við vorum að með tónlistarkonunni Peaches á vest-rönd Bandaríkjanna. Við vorum nýflutt til Angeles, búin að vera þar í rúmlega fjóra nuði eða svo. Þessi mynd er tekin í Po-na eftir sjóvið okkar.“



## gi Hlö útvarpsmaður

ssi mynd er tekin í Austurstræti af mér, nda jr. og Bent eftir tökur á atriði í næstu nda-seríu þar sem ég „leik“ geðveikt vin-an plötusnúð. Ég held að ég sýni stórleik bíð eftir að fá að leika í kvikmynd, eitt af fáa sem ég á eftir.“



## ba Marínós markaðsstjóri

myndinni er ég stödd við Arnarhól á leið-heim úr fullkomnu brúðkaupi í Hörpu. kkan er tólf á miðnætti þann 16. júní og Sigurðsson sambýlismaður minn (nú lög-) er með mér á myndinni. Himinninn var fallegur að ég ákvað að tríta mig á sjálfs-nd.“



## veig Eiríksdóttir kokkur

rna er ég stödd á hráfæðisveitingastað í sem heitir Aulac - og það skemmtilega við sa mynd er að ég var kölluð að borðinu sem Sue Ellen sat ásamt vinum sínum þar eðal manninum sem er við hliðina á mér á ndinni.



Sjá meira á síðu 8


## OPI KYNNIR:

GLÆNÝJIR SUMARLEGIR LITIR FRÁ OPI.








## Svali Kaldalóns og Svavar Örn útvarpsmenn

„Myndin er tekin í stúdíóinu okkar og það var Atli vinur okkar sem tók myndina.“



## Linda Pétursdóttir, eigandi Baðhússins

„Þarna er ég með Svanhvíti Valgeirsdóttur, vinstra megin og Kristínu Stefánsdóttur, vinkonum mínum. Tilefnið var kveðjuhóf fyrir Svanhvíti sem var að flytja til Brussel en eiginmaður hennar vinnur þar fyrir þýska sendiráðið.“



## Selma Björnsdóttir leikstjóri

„Þessi er tekin á sýningu á Vesalingunum í Þjóðleikhúsinu þegar ég stökk inn fyrir Ragnheiði Steindórsdóttur leikkonu, en þetta er því miður síðasta sýningarvika Vesalinganna. Þessar stúlkur eru allar starfsstúlkur í verksmiðjunni Montreuil sur mer og eru frá árinu 1823.“



## Nadia Katrín Banine fjölmiðlakona

„Myndin er tekin síðasta haust í Laufskálaréttum fyrir norðan. Með mér á myndinni eru þau flottu hjón í Vatnsholti Jóhann Helgi og Magga og finnskur vinur þeirra. Þetta er orðið mjög vinsælt að ríða með stóðinu sem rekið er af fjalli á haustin.“



## Andrea Magnúsdóttir fatahönnuður

„Þessi mynd er í algjöru uppáhaldi eftir síðustu helgi en hún var tekin fyrir utan Hörpuna áður en haldið var í brúðkaupsveislu góðrar vinkonu. Með mér á myndinni eru systurnar Sara og Sólrún Regins.“



## Kristrún Ösp nemi

„Ég og Baltasar Börkur. Myndin er tekin heima á stofugólfinu. Við vorum að leika okkur saman.“



## Pétur Jóhann leikari og Sigrún Halldórsdóttir

„Myndin er tekin í sumarbústað. Tilefnið var sumarfrí með börnunum okkar.“



## Sigrún Ósk Kristjánsdóttir sjónvarpskona

„Þarna er ég með honum Sindra starfsfélaga mínum á árshátíð 365 í mars, búin að sofa í þrjá klukkutíma eftir flug heim frá Asíu nóttina áður. Entist til miðnættis, en var frekar stolt af þeim árangri.“



## Garðar Gunnlaugsson fótboltamaður

„Ég og Hektor sonur minn eftir Norðurálsmótið á Akranesi helgina 15.-17. júní. Myndin er tekin á Akranesi.“



## Skúli Mogensen, aðaleigandi og stjórnarformaður Wow Air

„Myndin er tekin á hringferð okkar um landið, alveg mögnuð tilfinning að hjóla með öllu þessu frábæra fólki.“



## Hlín Einarsdóttir, ritstjóri

„Við vorum í rómantískri helgarferð til London á dögunum að hvíla okkur og njóta lífsins. Myndin er tekin á Leicester Square.“



## Harpa Einarsdóttir fatahönnuður

„Þetta var dásamlegur dagur, ég keypti þennan kjól á opnun á nýju Nostalgiu. Hann passaði svo vel við snoðkollinn svona kvenlegur og fínn. Kvöldið áður hafði ég hitt Yann Tiersen og félaga og þeir buðu mér og fleirum á tónleika í Hörpunni þetta kvöld.“



## Bryndís Ásmundsdóttir leikkona

„Þetta erum við Fjölnir á myndinni og hún var tekin við Fjöruborðið þar sem við vorum að fagna ástinni.“



## Þorbjörn Þórðarson, fréttamaður

Þjóðmenningarhúsið, 12. mars 2012. Sigurjón Þ. Árnason og Þorbjörn Þórðarson. Myndin er tekin þegar Sigurjón, sem er fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, mætti til að bera vitni í landsdómsmálinu gegn Geir H. Haarde.



## Kolbrún Björnsdóttir útvarpskona

„Þessi mynd er tekin í stúdíói Bylgjunnar en Ólafur Ragnar var í viðtali hjá okkur Heimi á mánudaginn.“





Sólgleraugu með styrk á viðráðanlegu verði.

E YES LAND

**Eyesland** · Gleraugnaverslun · Glæsibæ, 5. hæð · Sími 577 1015 · www.eyesland.is

**AUGLÝSING: SIGNATURES OF NATURE KYNNIR**




Á heima-spa barnum er boðið upp á ferskar, heildrænar meðferðir á andliti og líkama. Viðskiptavinir geta valið eigin meðferð eða fengið ráðgjöf sérfræðinga.

Anna María, eigandi Signatures of Nature, opnaði nýja og stórglæsilega snyrtivöruverslun í Smáralind síðastliðinn miðvikudag. Vörurnar uppfylla strangar kröfur um lífræna vottun. MYND/ANTON

# LÍFRÆNAR MEÐ FULLKOMINNI ÁFERÐ

**Verslunin Signatures of Nature er með lífrænar snyrtivörur og svokallaðan heima-spa bar á boðstólum. Viðskiptavinir geta fengið sérblandaðar andlits- og líkamsmeðferðir á heima-spa barnum. Búðin sem hefur verið vel falið leyndarmál í Smáralind flutti í vikunni á sýnilegri stað.**

Signatures of Nature var opnuð á nýjum stað í Smáralind síðastliðinn miðvikudag. Í versluninni fást lífrænar og öruggar snyrtivörur sem uppfylla strangar kröfur um framleiðsluferli. „Við leitumst við að finna öruggustu og lífrænustu leiðina til að næra húð viðskiptavina okkar. Signatures of Nature hefur verið vel falið leyndarmál í Smáralindinni síðastliðin þrjú ár en nú erum við að færa verslunina á sýnilegri stað. Þetta er lítið sprotafyrirtæki sem var stofnað í upphafi hrunsins,“ segir Anna María Ragnarsdóttir, eigandi verslunarinnar.

Starfsfólk fyrirtækisins sérhæfir sig í að vinna með lífrænar snyrtivörur. Það leggur mikla áherslu á að vörurnar uppfylli strangar kröfur í framleiðsluferlinu og að fyllstu nærgætni við náttúruna sé gætt. „Þær jurtir sem eru notaðar við framleiðslu á vörunum eru ræktaðar í hreinni mold án skordýraeiturs og annarra skaðlegra efna, samkvæmt ströngum viðmiðunarreglum lífrænnar vottunar.“

Starfsfólk Signatures of Nature fylgir framleiðslu hverrar vöru vel eftir og hefur sitt að segja um efnasamsetningu þeirra. „Margir tengja lífrænar eða hreinar snyrtivörur við olíukennd og feit krem sem ganga ekki jafn vel inn í húðina eins og þau eiga að gera. Það er ekki raunin með vörurnar frá Signatures of Nature, þar eru kremin með hinni fullkomnu áferð,“ segir Anna María.

Nýlega bættist við sú nýjung í þjónustu Signatures of Nature að þar er boðið upp á ferskar, heildrænar meðferðir á andliti og líkama á svokölluðum heima-spa bar. „Heima-spa barinn hefur verið mjög vinsæll hjá okkur. Þar er allt blandað ferskt á staðnum. Viðskiptavinurinn getur valið sína eigin meðferð eða fylgt ráðgjöf frá sérfræðingum okkar. Með hverri meðferð fylgja leiðbeiningar og er því séð til þess að hver og einn upplifi meðferðina á sem virkastan hátt og að endurnýjun húðarinnar verði sem mest. Útkoman verður hrein, fögur og frískleg húð.“

Snyrtistofa Nordica Spa á Hilton Hóteli og Snyrtistofan Eva á Selfossi bjóða upp á grænar meðferðir í samvinnu við Signatures of Nature. „Þar er gífurlega mikið lagt í flottar, grænar meðferðir unnar af reynsluboltum innan snyrtivörugeirans og fagmennska og góð þjónusta höfð að leiðarljósi.“

Verslunin Signatures of Nature er ákaflega hlýleg og falleg. Þangað er gott og þægilegt að koma og viðskiptavinir fá hlýjar móttökur og faglega ráðgjöf. Verslunin er á annarri hæð Smáralindar, við hliðina á versluninni Líf og list.






Í Signatures of Nature eru allar andlits- og líkamsmeðferðarblöndur gerðar á staðnum og eru því eins ferskar og hægt er. Útkoman eftir notkun þeirra er hrein, fögur og frískleg húð.



Það er gott að koma í Signatures of Nature. Verslunin er ákaflega falleg og viðskiptavinir fá hlýjar móttökur.

› Sjá nánar á visir.is/lifid



Endasprettur í sprettþríþraut í Kópavogi árið 2011.



Við Jökulsárlón í hlaupahringferðinni í fyrra „Meðan fæturnir bera mig“.



Á hringferðinni í fallega landinu okkar.




Að koma í mark á Laugaveginum, 55 km ofurmaraþon árið 2010.




Wow-freyjur - Jórunn Jónsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Alma María Rögnvaldsdóttir og María Ögn Guðmundsdóttir.

# AFREKSKONA HREYFIR SIG TIL GÓÐS

Alma María Rögnvaldsdóttir er ein þeirra sem lagði af stað hjólandi hringinn í kringum landið í byrjun vikunnar ásamt þremur öðrum liðsfélögum sínum, þeim Maríu Ögn Guðmundsdóttur, Jórunni Jónsdóttur og Ásdísi Kristjánsdóttur.

Saman kalla þær sig Wow-freyjurnar. Tilgangur ferðarinnar var hin umtalaða hjólakeppni þar sem þrettán fjögurra manna lið kepptu sín í milli og söfnuðu áheitum sem renna óskipt til áheitaverkefnis Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, „Hreyfing og líkamlegt heilbrigði barna“. Fyrstu liðin komu í mark í gær aðeins rúmum fjörutíu klukkustundum eftir brottför.

Það er ekki fyrir hvern sem er að leggja í svona ferð og óhætt að segja að mikill undirbúningur og strangar æfingar liggi að baki.



Þríþrautarhópurinn minn sem æfir með mér fyrir hálfan járnkarl í sumar – við köllum okkur hálfsysturnar.





Fjallahjólaferð með hjólafélögum – tekin nálægt Djúpavatni.

### Fékk fjallahjól í fertugsafmælisgjöf

Lífið spurði Ölmu hvenær hún fór að iðka hreyfingu af jafn mikilli alvöru og hún gerir í dag. „Þetta er búið að vinda upp á sig í gegnum tíðina í mínu tilfelli, ég stundaði til dæmis engar íþróttir sem barn, var svo í þessari klassísku baráttu við að reyna að byrja að hlaupa og taka mig á í ræktinni á þrítugsaldri. Svo þegar við fjölskyldan bjuggum í Lúxemborg fórum við hjónin aðeins að taka til í mataræðinu hjá okkur og í kjölfarið kom hreyfingin.

Þegar Alma kom svo til Íslands á ný gekk hún í hlaupahóp hjá ÍR. „Þar fékk ég góðan þjálfara og lærði að hlaupa.“ Þegar Alma fagnaði svo fertugsafmælinu sínu gaf eiginmaðurinn henni fjallahjól. „Þá fékk ég bakteríuna fyrir alvöru og fór að taka þátt í fjallahjólakeppnum og þess háttar.“

### Í sínu allra besta formi

Alma viðurkennir að sportið séu tímafrekt en þetta sé einfaldlega orðinn partur af lífi fjölskyldunnar. „Börnin okkar tvö skilja reyndar stundum ekki alveg í okkur foreldrunum,“ segir Alma og hlær. „En við erum sem betur fer bæði í sportinu, hann er meira að segja kominn mun lengra en ég. Til að mynda hleypur hann allt upp í fimmtíu kílómetra á sínum æfingum. Mörkin færast alltaf lengra og lengra og það er virkilega gaman að sjá hvað maður getur, líkaminn er svo fullkominn,“ segir Alma sem viðurkennir einnig að það sé ánægjulegt að vera komin í sitt besta form komin yfir fertugt.

### Stefnir á hálfan járnkarl

En að hringferðinni sjálfri, hvernig kom það til að þú ákvaðst að taka þátt í þessari keppni? „Ég fór að æfa fyrir þríþraut um áramótin og er að æfa fyrir hálfan járnkarl sem er 1,9 kílómetra sund, 90 km á reiðhjóli og hálft maraþon. Hjólaferðin kemur því svolítið óvænt inn í þetta allt saman en ég gat einfaldlega ekki sagt nei þegar ég fékk símtalið. Málefnið er bara þess eðlis, svo sakaði ekki að ég kannaðist við liðsmennina fyrir.“

Aðspurð hvernig undirbúningi Wow-freyjanna var háttað segir Alma þær hafa reynt eftir bestu getu að æfa undir álagi; Við vorum að vakna á nóttunni til að taka hjólaæfingu til að venjast því að hjóla þreyttar, einnig tókum við allt upp í fimm tíma æfingar um helgar. Svo hvíldum við mjög vel síðustu dagana fyrir ferðina.“

### Ætlar að keyra næst

Alma sagði ferðina hafa gengið mjög vel og að hún vonaðist til að sjá fleiri keppendur næst. „Keppnin á án efa eftir að vaxa hratt og keppendum fjölga, ég get ímyndað mér að útlendingum eigi eftir að finnast þetta spennandi en þar sem þessi keppni var ákveðin með stuttum fyrirvara náðu erlendir hjólreiðamenn líklega ekki að setja hana inn í sín hjólaplön.“

Þetta er þó ekki í fyrsta skiptið sem Alma fer hringinn öðruvísi en keyrandi því í fyrrasumar hljóp hún hringinn ásamt svilkonu sinni, Signýju Gunnarsdóttur, og mökum beggja til styrktar krabbameinssjúkum börnum.

„Ætli ég keyri nú ekki næst,“ segir Alma að lokum glöð í bragði með afrekið.









Nýtt Mentos tyggjó

# Lífið

## GYÐJA COLLECTION KYNNIR NÝJA SUMARLÍNU

Um glænýja skó- og fylgihlutalínu fyrir sumarið er að ræða sem unnin er úr hágæða íslensku roði. „Ég nota mikið íslenskt roð í fylgihlutina frá Gyðju en allir skórnir eru úr ekta leðri og roði að innan sem utan. Fiskleður er bæði sterkt og meðfærilegt og hefur frá náttúrunnar hendi einstaka eiginleika. Það er mjög gaman að vinna með þetta flotta hráefni því að í hverri tegund er hægt að leika sér með áferð, liti og yfirborðsmeðferðir. Þekktu alþjóðlegu merkin eins og Prada, Dior, Nike, Ferragamo og Puma eru einnig farin að nýta sér þetta einstaka íslenska hráefni sem unnið er í Sjávarleðri á Sauðárkróki.“ segir **Sigrún Lilja**, framkvæmdastjóri Gyðju, sem mun afhenda Þóru Arnórsdóttur forsetaframbjóðenda fyrsta skóparið og veski í stíl úr nýju línnunni sunnudaginn næstkomandi við athöfn í garðveislu að Rafstöðvarvegi 29 í Elliðaárdalnum kl. 15.00. Skór Þóru, sem eru svartir að lit, kallast **Freyja** og eru úr íslensku umhverfisvænu laxaroði.

„Mér fannst tilvalið að færa Þóru, sem er óhrædd við að ryðja brautir fyrir komandi kynslóðir kvenna, fyrsta skóparið úr nýrri línu Gyðju á sunnudaginn kemur,“ segir **Sigrún Lilja**.



## HELGARMATURINN



### Nýja uppáhaldskakan

**Hér er uppskrift að sérlega sumarlegri og gómsætri kókosköku í boði Guðríðar Haraldsdóttir, aðstoðarritstjóra Vikunnar. „Þegar ég rakst á hana í nýjasta Gestgjafanum um daginn varð ég að prófa hana og fannst hún æðislega góð! Hún er blautari og meira djúsí (það gera eplin) en kókoskakan sem ég hef stundum bakað og er orðin að nýju uppáhaldskökunni minni úr kókosheimum.**



### Kókoskaka með eplum og sultu

**(8-10 sneiðar)**

180 g smjör, mjúkt
160 g sykur
3 egg
180 g hveiti
70 g kókosmjöl
1 tsk. lyftiduft
2 græn súr epli, afhýdd og rifin gróft niður
1 tsk. vanilludropar
150-200 g rabarbarasulta, hindberjasulta eða bara uppáhaldssultan ykkar

Hitið ofninn í 170°C. Hrærið smjör og sykur mjög vel saman. Bætið eggjum út í, einu í einu, og hrærið vel saman við. Blandið hveiti, kókosmjöli og lyftidufti út í og blandið saman við ásamt eplum og vanilludropum. Setjið deigið í tvö smurð form, 22-24 cm, og bakið í 30-40 mín. Látið botnana kólna aðeins og leggið þá síðan saman með sultu. Fallegt er að sigta flórsykur yfir.




## Bílar óskast

**Óska eftir litlum húsbíl**
Óska eftir litlum húsbíl, ekki hápekju. Uppl. 482 3065 og 865 9262.

## Sendibílar




Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar

Til Sölu húsbíll árg. '04, nýskoð. Tilbúinn í útileguna. Tilboð 3.990.000 Uppl. í s. 564 5017 og 849 6017.

## Mótorhjól



KAWASAKI - VN900 árg. '07 ek. 7000km nýskodað '13. Gott verð 850þús s. 693 2991

## Fjórhjól



Kawasaki KXF 450 árg. 08. Hjólið er mjög vel með farið og í toppstandi. Ný afturdekk og nerfbars. Ekið 65 tíma. Tveir eigendur. Verð 700 þús. Engin skipti. Upplýsingar í síma 8965498



Polaris Scrambler 500cc 07 módel. 4x4 torfæruhjól í toppstandi. Einn eigandi. Verð 650.000. Tilboð 500.000 S: 660-1818 og 660-1813



**Til sölu**
CanAm fjórhjól til sölu, árg. 2010 ekið 900 km. Mikið af aukahlutum, mjög fallegt hjól. Kerra undir hjólið er líka til sölu. Uppl. í síma 893 4443

## Kerrur



Evrópskar gæðakerrur. Verð frá 129.900 kr. Mikið úrvalið í Skútuvogi 12. Dekkjahöllin s: 581-3022

## Hjólhýsi



HOBBY 650 KFU PRESTIGE árg 2008. Kojuhús. Markísa með hliðum og fronti - Sólarsella - Stór rafgeymir - Boiler fyrir gas og rafmagn - Miðstöð með Ultraheat.Eitt með öllu. Verð 3,700. S: 898-2811.



Sumarkot staðsett í þjórsárdal til sölu. uppl í s. 899 5130 Björgvin

## Fellihýsi

Óska eftir FLEETWOOD/COLEMAN 10 feta gegn yfirtöku láns. Sendið uppl. thjonusta@365.is „fellihýsi"

## Til sölu




## Bátar



**Skemmtibátur til sölu**
Til sölu skemmtibátur Marex 290, Sun Cruiser 2001. Báturinn er í fínu standi með öllum þægindum, gilt haffærisskýrteini og tilbúinn til notkunar. Góður vagn fylgir.Upplýsingar í síma 660-2102




## Hjólbarðar




## Varahlutir







**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

**VW - Skoda - Varahlutir**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.













**Smágröfuleiga**
Leiga á míní vél með manni. Tímagjald. S. 865 5613

**Garðsláttur**
Fyrir einstaklinga og húsfélög. Vönduð vinna, gott verð! Sími 662 6873.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar



**Alhliða málningarvinna**
Vanir menn og vönduð vinnubrögð. áratuga reynsla. S. 772 8100 Málaliðar.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald






Sólpalla og parketslípun um allt land. Alltaf bestu verðin og bestu efnin. Áratuga reynsla. Gegnheil eik einnig á lager. 7728100

facebook.com/parketslipun parketsliparinn

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis**
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Tölvur

omnis verkstæði
Ókeypis bilanagreining á tölvum.
444 9900 - Ármúli 11 - www.omnis.is

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar

**Spákonan Sirrý**
Ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Pool borð**
3 nýleg peninga pool borð til sölu. Borðin eru í mjög góðu ástandi. Verð tilboð. S. 6150009





Blikk og stál klippur (sax) 3m löng og tekur allt að 3.5mm efnisþykkt, gömul en vel með farinn og virkar 100% Tilboð óskast í síma 899 1826.




**SUMARÚTSALA út júní 15% afsláttur af ÖLLUM vörum verslunarinnar**
Mikið úrval af saltkristalsvörum. Einnig mikið úrval af andlegum og náttúruvænum vörum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið í sumar virka daga 11-17 Sími 517-8060 ditto.is



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is



Sumarbústaða eigendur/bændur. Til sölu Sænskur viðarkynntur trépottur. Hentar einnig vel á heitum svæðum V. 290 þ. Uppl. 822 8844




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet Silunganet**
Flotnet, sökknet. Heimavík, Smiðjuvegur 28, rauð gata. 200 Kóp. S. 892 8655 www.heimavik.is

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

2 herb. í miðbæ RVK. Húsgögn fylgja. Sameiginl. eldhús, bað og þvottaherb. í 4ja herb íbúð. V. 95 þ. s. 895 0482

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

2ja herbergja íbúð óskast sem fyrst á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 774 6007

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Verslunin Kvosin, Ingólfstorgi, óskar eftir framtíðar starfsfólki á fastar vaktir. Viðkomandi verður að vera 18 ára eða eldri, reyklaus og með mikla þjónustulund.Áhugasamir hafi samband við Rúrý í 661 4020

Sölufólk óskast í aukavinnu! Nánari upplýsingar á kynstrin@kynstrinoll.is og í s. 690-3569

15 - 16 ára stúlka óskast í aðstoð ca. 4-6 tíma í senn á dag, í tvær vikur í senn. Létt vinna á skemmtilegan og fallegan stað í Grímsnesinu. Frítt fæði og húsnæði ásamt 30.000.- kr í laun eftir tvær vikur. Dvalið er á staðnum allan tímann. Upplýsingar í síma 8 67 89 11.

Óska eftir laghentum verktaka til starfa við húsaviðhald. sími. 892 8647

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Fía Sól er 8 ára Silky terrier tík. Hún týndist 12. jun. frá Hjaltabakka 2 Breiðholt. Hennar er sárt saknað, ef einhver getur gefið upplýsingar hafið samband í s. 899 0418 eða 868 2466

## Einkamál




**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.
Engin bið nema þegar talað er.

## Tilkynningar

FISKISTOFA

### Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2011/2012 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 1182, 21. desember 2011

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 534/2012 í Stjórnartíðindum.

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:
**Ísafjarðarbæ (Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Hnífsdalur og Ísafjörður)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.
**Umsóknarfrestur er til og með 5. júlí 2012.**

*Fiskistofa, 21. júní 2012.*




EIGNAMIÐLUN Reykjavík




Frá 1957

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

## NÝJAR EIGNIR Í SÖLU - lausar strax

## Seinakur 3 - glæsileg íbúð



Glæsileg 140,9 fm íbúð á 2.hæð (efri) í vönduðu álklæddu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Húsið er frábærlega staðsett með fallegu útsýni. Vandaðar innréttingar og tvö baðherbergi. Laus strax. **V. 38,5 m.** 1680



**Langeyrarvegur 11 - neðri hæð**
4ra herbergja neðri hæð í fallegu tvíbýlishúsi á mjög góðum stað í Hafnarfirði ofan við höfnina. Húsið er að sjá í ágætu standi. 3 svefnherbergi. Parket. Eldri innréttingar. Laus strax. **V. 19,8 m.** 1687



**Strandgata 69 - tvíbýli**
4ra herbergja 111 fm neðri hæð í tvíbýlishúsi ofan við höfnina í Hafnarfirði. Þarfnast lagfæringa. Laus strax. **Tilboð óskast** 1685



**Öldugata - Hafnarfjörður**
4ra herbergja íbúð á 3.hæð í ágætu fjölbýli í Hafnarfirði. Eignin þarfnast talsverðra endurbóta. Laus strax. **V. 14,3 m.** 1683



**Norðurbakki 5b - nýlegt hús**
3ja herbergja 93,7 fm íbúð á 1.hæð ásamt stæði í bílageymslu. Húsið er nýlegt álklætt lyftuhús á bakkanum við Höfnina í Hafnarfirði. Laus strax. **V. 24,8 m.** 1686



**Lindarberg 54a - glæsilegt útsýni**
Neðri hæð í fallegu frábærlega staðsettu húsi. Parket og góðar innréttingar, mjög stór afgirt timburverönd með einstaklega góðu útsýni. **V. 23,8 m.** 1690



**Kjarrhólmi 38 - 1. hæð**
3ja herbergja 75,1 fm íbúð á 1.hæð í mjög góðu fjölbýli neðst við Fossvogsdalinn .Íbúðin þarfnast endurnýjunar að miklu leiti m.a vantar eldhúsinnréttingu, innihurðir og fl. Endurnýjað parket er þó á gólfum. Laus strax. **V. 15,2 m.** 1678



**Melgerði 13 - kjallari**
72 fm íbúð í kjallara í tvíbýlishúsi. Íbúðin er ekki fullbúin en hefur verið eitthvað endurnýjuð á síðustu árum. **V. 15,2 m.** 1662



**Álfkonuhvarf 47 - 2. hæð**
3ja herbergja 93,7 fm íbúð á 2.hæð í góðu fjölbýli ásamt stæði í bílageymslu. Góð sameign, eikarinnréttingar. Laus strax. 1679



**Grænakinn - Hafnarfjörður**
Falleg 3ja herbergja talsvert endurnýjuð 84 fm neðri hæð/kjallari í ágætu velstaðsettu húsi í Hafnarfirði. Laus strax. **V. 16,5 m.** 1681



**Selvogsgata 21 - vel staðsett**
91,8 fm 3ja - 4ra herbergja íbúð á 1.hæð í góðu velstaðsettu húsi í Hafnarfirði, íbúðin er mikið endurnýjuð en ekki búið að fullklára frágang. **V. 17,0 m.** 1682



**Hamarsbraut 9 - miðhæð**
Mikið endurnýjuð miðhæð og kjallari í endurnýjuðu húsi á mjög góðum stað í Hafnarfirði. Endurn. eldhús, baðherbergi, og fl. Hús að sjá endurnýjað. Laus strax. **V. 19,8 m.** 1688



**Álfaskeið 42 - risíbúð**
2ja herbergja risíbúð í góðu velstaðsettu húsi á mjög góðum stað í Hafnarfirði. Íbúðin er stofa og eldhús ásamt herbergi og geymslu. Laus strax. **Tilboð óskast** 1689

## Heiðarhjalli, sérhæð m. bílskúr



4ra - 5 herbergja neðri sérhæð í tvíbýlishúsi/sambyggðu 131,5 fm að stærð ásamt bílskúr sem er 30,2 fm. Vandaðar innréttingar , sérinngangur og sérverönd til suðurs. Flísar og parket, sérþvottahús. Björt og skemmtileg sérhæð innst í botnlanga. **V. 36,0 m.** 1677

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** grastegund, **6.** í röð, **8.** vafi, **9.** erfiði, **11.** hreyfing, **12.** sannfæringar, **14.** bugsigling, **16.** frú, **17.** dýrahljóð, **18.** skora, **20.** komast, **21.** ungdómur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** örverpi, **3.** tveir eins, **4.** yfirlit, **5.** skjögur, **7.** súrsað grænmeti, **10.** blundur, **13.** eyrir, **15.** málmur, **16.** útsæði, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** reyr, **6.** rs, **8.** efi, **9.** púl, **11.** ið, **12.** trúar, **14.** kruss, **16.** fr, **17.** rýt, **18.** rák, **20.** ná, **21.** æska.

**LÓÐRÉTT: 1.** urpt, **3.** ee, **4.** yfirsýn, **5.** riða, **7.** súrkrás, **10.** lúr, **13.** aur, **15.** stál, **16.** fræ, **19.** kk.


# Helgarblað
alla laugardaga



## Umdeildur Íslandsvinur

Tom Cruise og áhrif hans á dægurmenninguna.

**Meðal annars efnis:**



**Leika sér á pólsku**

Pólskumælandi fjölskyldur hittast reglulega á leikskólanum Garðaborg og njóta þess að tala móðurmálið.




Allt sem þú þarft


# Ísland

**BAKÞANKAR**
**Björns Þórs Sigbjörnssonar**



Hann er orðinn heldur þreyttur söngurinn um Nýja Ísland sem svo oft hefur verið sunginn síðan bankarnir fóru á hliðina. Af minnsta tilefni er spurt: Er þetta Nýja Ísland? og látið eins og þjóðin hafi sammælst um að ekkert yrði eins og það var.

**ENGIN** efni standa hins vegar til þess að þrot banka kalli á gjörbyltingu hugarfars heillar þjóðar þrátt fyrir að skellurinn hafi verið stór. Helst þarf að gæta að því að bankakerfið vaxi ekki öðrum stoðum efnahagskerfisins yfir höfuð á ný og að fólk lifi ekki lífinu út á krít. Úrlausnir skuldavanda vegna ólögmætra lána, hruns krónunnar og verðbólgu eru hefðbundin viðfangsefni stjórnmálanna og viðeigandi stofnana og fyrirtækja. Það er svo annað mál að alltof hægt hefur gengið í þeim efnum og helstu aðgerðir verið vanmáttugar og ómarkvissar.

**EN** hversu víðtæk er krafan um Nýtt Ísland? Hún er í raun alls ekki víðtæk og aðeins bundin við þröngan hóp. Það sannaðist í kosningunum vorið 2009 þegar kjósendur fylktu sér að baki gömlu flokkunum. Meirihlutinn kaus til forystu það fólk sem lengst hafði setið á þingi. Það hafði ekkert nýtt fram að færa. Kannski örlítið breyttar áherslur en ekkert nýtt. Það ætlar líka að sannast í forsetakosningunum um næstu helgi. Í skoðanakönnunum njóta þeir mesta fylgis sem minnstar vilja breytingarnar. Þeir frambjóðendur sem tala um eitthvað nýtt ná varla máli. Undantekningin frá þessu er stórsigur Besta flokksins í borgarstjórnarkosningunum 2010. En þar kemur líka tvennt til: Kjörtímabilið á undan var hræðilegt með öllum sínum meirihlutaskiptum og fyrrverandi borgarstjórum á biðlaunum og svo virðist borgarpólitíkin helst snúast um sorphirðu, snjómokstur og dagskrá 17. júní.

**KRAFAN** um Nýtt Ísland felst einkum í að stjórnmála- og embættismenn ekki bara vinni öll sín verk fyrir opnum tjöldum heldur beinlínis hugsi upphátt, fólk hætti að hafa löngun til að hagnast og meina þeim sem unnu í bönkum fyrir hrun frekari þátttöku í samfélaginu. Hið fyrstnefnda er náttúrulega gott svo langt sem það nær. Forsendur ákvarðana eiga að þola dagsljósið. Hin atriðin eru dapurleg.

**Í** þorpinu við Miðjarðarhafið, þar sem þessi orð eru skrifuð, birtist Ísland með tvennum hætti. Annars vegar í saltfiski og hins vegar í menningu. Hér er bacalao de Islandia sá allra besti og er rifinn út á matvörumarkaðnum og í bókabúðinni er bók Auðar Övu stillt upp með verkum þekktustu höfunda nútímabókmenntanna. Í listasafninu eru myndir Errós til sýnis. Þetta er Ísland, hvorki Nýja Ísland né Gamla Ísland, bara Ísland allra tíma sem hefur staðið af sér bankahrun og aðra óáran og spyr ekkert sérstaklega um gegnsæi, hagnaðarvon eða hvar menn hafa unnið í gegnum tíðina.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# popp

popp@frettabladid.is



**63 ÁRA** er Óskarsverðlaunahafinn og leikkonan Meryl Streep í dag. Næsta mynd með henni nefnist Hope Springs og skartar Tommy Lee Jones og Steve Carell í aðalhlutverkum en hún verður frumsýnd síðar á þessu ári.



**JENNIFER GREY** Depp var kvæntur Lori Anne Allison á árunum 1983 til 1985 en tók saman við leikkonuna Jennifer Grey eftir skilnaðinn. Grey er líklega þekktust fyrir hlutverk sitt sem Baby Houseman í myndinni Dirty Dancing. Sambandið varði stutt og var Depp fljótur að taka saman við næstu dömu.

NORDICPHOTOS/GETTY



**SHERILYN FENN** Depp og Fenn áttu í stuttu ástarsambandi í lok níunda áratugarins. Ferill Fenn var þá á uppleið en hún sló í gegn í hinum vinsælu sjónvarpsþáttum Tvídröngum.



**WINONA RYDER** Depp kynntist Ryder við tökur á kvikmyndinni Edward Scissorhands og trúlofuðu þau sig stuttu síðar. Leikarinn var svo hrifinn af Ryder að hann lét húðflúra Winona Forever á hægri upphandlegginn, en eftir að upp úr slitnaði lét hann þó breyta því í Wino Forever. Sambandið varði í þrjú ár.



**KATE MOSS** Depp og fyrirsætan Kate Moss þóttu flottasta par tíunda áratugarins og vöktu mikla athygli hvert sem þau fóru. Parið kynntist í New York í byrjun ársins 1994 og lauk sambandinu í júní 1997, þó að hvorugt þeirra hafi á þeim tíma tjáð sig um sambandsslitin opinberlega. Ljósmyndarinn Annie Leibovitz myndaði Depp og Moss saman árið 1994 og eru myndirnar orðnar að klassík í dag.



**VANESSA PARADIS** Depp kynntist frönsku söngkonunni árið 1998 við tökur á kvikmyndinni The Ninth Gate. Parið á saman dótturina Lily-Rose Melody Depp og soninn John Christopher Depp III og hefur Depp látið þau orð falla að fátt hafi gert hann að betri manni en föðurhlutverkið. Fjölskyldan eyddi mestum tíma sínum í Frakklandi þar sem hún átti heimili bæði í París og í sveitasælunni skammt frá Saint-Tropez.

## Konurnar í lífi Johnny Depp



**Johnny Depp sendi frá sér fréttatilkynningu á þriðjudag þar sem hann staðfesti sambandsslit þeirra Vanessu Paradis söngkonu. Þau hafa verið saman í fjórtán ár og eiga tvö börn.**

### HINAR KONURNAR

Orðrómur um sambandsslit Depps og Paradis hefur verið uppi frá því í byrjun árs og hefur Depp í millitíðinni verið orðaður við leikkonurnar Ashley Olsen, Evu Green, Angelinu Jolie og Amber Heard.



**ASHLEY OLSEN** Í mars fór á kreik sú saga að Depp hefði gist í íbúð Ashley Olsen í New York. In Touch sagði fjölda fólks hafa séð leikarann yfirgefa heimili Olsen snemma morguns þó aðrir haldi því fram að parið hafi aðeins verið að ræða viðskipti.



**EVA GREEN** Green og Depp leika á móti hvort öðru í kvikmyndinni Dark Shadows og strax í janúar kom upp kvittur um ástarsamband þeirra á milli. Líkt og Paradis er Green frönsk að uppruna og starfaði áður sem fyrirsæta.



GEFÐU GÖMLU FRÍ … FÁÐU ÞÉR STRAUFRÍA FYRIR SUMARIÐ

# HERRASKYRTUR

MIKIÐ ÚRVAL, VÖNDUÐ EFNI, GÓÐ VÖRUMERKI … FRÁBÆRT VERÐ!

ATH! TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR ALLA DAGA



Stuttermaskyrta: Lindbergh
■ Outlet verð: Kr. 6.000



Stuttermaskyrta: Bísón
■ Outlet verð: Kr. 4.990



Stuttermaskyrta: Bosweel
■ Outlet verð: Kr. 5.990



Stuttermaskyrta: Bosweel
■ Outlet verð: Kr. 5.990



Skyrta: Bosweel
■ Outlet verð: Kr. 6.990



Skyrta: Bosweel
■ Outlet verð: Kr. 6.990



Skyrta: Bosweel
■ Outlet verð: Kr. 6.990



Skyrta: The Shirt
■ Outlet verð: Kr. 4.990

ATHUGIÐ • NÝTT • KORTATÍMABIL!

TAKMARKAÐ MAGN Í STÆRÐUM!

## HJÁ OKKUR FÆRÐU HERRAFATNAÐ FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400




FÍTON / SÍA



# EIMSKIPSMÓTARÖÐIN Á STÖÐ 2 SPORT

Á þriðjudagskvöldum kl. 21 er tilvalið fyrir golfara að „bóka rástíma" í sjónvarpsstólnum sínum og stilla á Stöð 2 Sport. Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson verða með golfþáttinn „Tvöfaldur skolli" og Eimskipsmótaröðinni verður gerð góð skil í sérstökum þáttum. Núna um helgina er Íslandsmót í holukeppni á Leirdalsvelli í Garðabæ og um þá keppni verður fjallað í golfþættinum 26. júní. Íslandsmótið í höggleik fer fram á Hellu 28.–29. júlí. Bein útsending verður frá þeirri keppni.

**Eimskipsmótaröðin er stærsti samfelldi golfviðburður ársins, þar sem allir bestu kylfingar landsins reyna með sér. Fylgstu með á þriðjudagskvöldum á Stöð 2 Sport. Og ef þú ert á golfvellinum einmitt þá, mundu eftir VOD-inu og visir.is**

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is



EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM



**PARTÍÞOKAN Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Jónas Sigurðsson, Prinspóló og Ojba Rasta eru á leiðinni austur á land. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nakin upp úr dögginni

„Það er búið að hnýta flesta lausa enda fyrir þetta ferðalag. Ég er gríðarlega spenntur að fara með þessum hópi út í náttúruna og spila fyrir landsmenn,“ segir Svavar Pétur Eysteinsson í Prinspóló.

Hljómsveitirnar Prinspóló, Jónas Sigurðsson og hluti af Ritvélum framtíðarinnar og Ojba Rasta leggja af stað í tónleikaferðina Partíþokuna austur á land í dag. Í kvöld spila þær á Humarhátíð á Höfn í Hornafirði og laugardaginn in á Jónsmessuhátíð Partíþokunnar á Seyðisfirði. Um fjölskylduvæna tónleika er að ræða sem eru ætlaðir fyrir alla aldurshópa.

Í lok tónleikanna á Seyðisfirði þegar Jónsmessan gengur í garð, verður gestum boðið á Jónsmessubrennu í bænum og er þá engin undankoma frá því að velta sér nakinn upp úr dögginni. „Þarna er engin siðgæðisvarsla í gangi enda eru Seyðfirðingar ekkert að spá í slíku. Þarna er líka þessi stóra heiði sem skilur Seyðfirðinga frá annarri menningu og þarna gerist ýmislegt sem ekki fréttist,“ segir Svavar Pétur. Mr. Silla og Snorri Helgason skemmta á Seyðisfirði á föstudagskvöldinu ásamt Hugleiki Dagssyni.

Partíþokan hófst í fyrrahaust þegar haldnir voru tónleikar á Akureyri. Í febrúar var svo farið til Ísafjarðar. „Markmiðið er að dekka alla landsfjórðunga og núna eru það Austfirðirnir.“ - fb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 22. júní**

### Tónleikar

**12.30** Söngvar úr Ljóðaljóðum eftir Pál Ísólfsson verða fluttir í Háteigskirkju. Flytjendur eru Hanna Þóra Guðbrandsdóttir sópran og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari. Miðaverð er kr. 1.000.

**20.00** Ian Anderson og hljómsveitin hans flytja meistarastykkið Thick as a Brick í heild sinni í Eldborgarsal Hörpu. Miðasala á midi.is.

**21.00** Tónlistarkonan Ólöf Arnalds heldur tónleika í Café Flóru í tilefni sumarsólstaða. Miðaverð er kr. 3.000.

**21.00** Hljómsveitin Montery heldur útgáfutónleika á Café Rosenberg.

**23.00** Gunnar Þórðarson og Tómas Tómasson leika Bítlalög á tónleikum á Obladí Oblada, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Opnanir

**16.00** Guðrún Gunnarsdóttir opnar sýninguna Þræta um línur og liti í Listasal Mosfellsbæjar. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Myndlistarsýning Unnar Óttarsdóttur, Fossganga, opnar í Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri.

### Fræðsla

**13.00** Boðið verður upp á fræðslugöngu um Grasagarð Reykjavíkur alla föstudaga í júní. Þátttaka er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| WHAT TO EXPECT | 5.50, 8, 10.15 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4, 6 |
| MADAGASKAR 3 2D | 4 |
| PROMETHEUS 3D | 10.20 |
| SNOW WHITE | 7, 10 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
midi.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 5.35 - 8 - 10.25 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING LÚXUS | KL. 5.35 - 8 | L |
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| MADAGASCAR 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| PIRANHA 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 16 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 3D LÚXUS | KL. 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 2D | KL. 10 | 16 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 5.35 - 8 - 10.25 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 6 - 9 | 16 |
| MOONRISE KINGDOM | KL. 8 - 10.10 | L |
| MIB 3 2D | KL. 5.30 | 10 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN... | KL. 5.45 - 8 - 10 | 12 |
| PIRANHA 3D | KL. 10.20 | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 5.45 - 8 | 16 |

facebook./smarabio • facebook./haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| ROCK OF AGES LUXUS VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| LOL | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| LOL | KL. 8 - 10 | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 16 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 2D | 12 |
| PROMETHEUS | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 3D | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 5:30 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL | KL. 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:40 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40-5:50 - 8 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40-5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ÓTEXTUÐ ENSKU. TALI | KL. 10:10 | 3D | L |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| WHAT TO EXPECT... | KL. 8 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ÍSL TALI | KL. 5:50 | 3D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA M/ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |



GÓÐAR Í FRÍIÐ




Hlýtt og mjúkt fyrir minnstu börnin
Prjónauppskriftir að flíkum, tuskudýrum, teppum og smávegis fyrir mömmuna.

Ferðaatlas 1:200 000
78 ný kort, 26.600 örnefni.
Kort af þéttbýlisstöðum, upplýsingar um sundlaugar, tjaldsvæði, söfn og golfvelli.
Teikningar af öllum varpfuglum, plöntum og skeljum landsins.

Gildir til 1. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð








MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**FÖSTUDAGUR: BERNIE** 17:50, 20:00, 2210 ■ **REGGÍSUMAR: ROCKERS+TÓNLEIKAR AMABA DAMA** 20:00 ■ **REGGÍSUMAR: RISE UP** 22:00 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 17:50, 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50 ■ *COOL CUTS: 101 REYKJAVIK* 18:00 ■ *COOL CUTS: WHEN THE RAVEN FLIES* 20:00 ■ *COOL CUTS: HEIMA SIGUR RÓS* 22:00 ■ *BLACK'S GAME* 22:00

Út að borða og í bíó á **Sumartíð** og **Ung**! Sushisamba og Tapasbarinn.

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


30 LJÓSÁR
Rafkaup hefur verið starfrækt í 30 ár.
Fagnaðu með okkur í afmælisvikunni.
Rafkaup
Ármúli 24
Rafkaup
Rafkaup
Allt að
30%
afsláttur af
völdum vörum
AFMÆLISVIKA 18. – 22. júní
www.rafkaup.is
Opnunartími:
10:00 – 18:00 virka daga
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

# sport

*sport@frettabladid.is*



**FIMM ÍSLENSKIR KEPPENDUR** fara á Evrópumeistaramótið í frjálsíþróttum sem fram fer dagana 27. júní til 1. júlí í Helsinki. Það eru þau Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari úr Ármanni, Einar Daði Lárusson tugþrautarmaður úr ÍR (mynd til vinstri) og FH-ingarnir Óðinn Björn Þorsteinsson kúluvarpari, Trausti Stefánsson sem keppir í 400 m hlaupi og Kristinn Torfason sem keppir í langstökki. Það er Einar Daði sem hefur fyrstur keppni klukkan 06.10 að íslenskum tíma á miðvikudaginn.



**BJÖRN BERGMANN** Byrjaður að skila peningum til uppeldisfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skagamenn fá sitt fyrir Björn:

## Gæti fært ÍA 50 milljónir króna

**FÓTBOLTI** Knattspyrnudeild ÍA væntir þess að fá á bilinu 12-14 milljónir króna í sinn hlut, verði af sölunni á Birni Bergmann Sigurðarsyni frá norska liðinu Lilleström til Wolves á Englandi.

Kaup Wolves á Birni eru háð því að hann komist í gegnum læknisskoðun um miðjan næsta mánuð en hann mun spila með Lilleström til 13. júlí.

Ofan á þá upphæð leggjast síðan þær 35 milljónir sem Lilleström borgaði fyrir Björn þegar liðið keypti hann frá ÍA 2009.

Samkvæmt reglugerð frá UEFA á ÍA rétt á uppeldisbótum fyrir Björn og af væntanlegu kaupverði er hlutdeild félagsins rétt um tvö prósent. Að auki gerðu ÍA og Lilleström með sér samkomulag á sínum tíma um að ÍA fengi ákveðinn skerf af þeirri upphæð sem Björn yrði seldur á frá Lilleström.

Þegar allt er talið saman gæti Björn Bergmann fært uppeldisfélagi sínu hátt í 50 milljónir króna.

Talið er að Úlfarnir muni borga um 500 milljónir króna fyrir Björn en endanlegt kaupverð hefur ekki verið gefið upp.

Lilleström keypti Björn frá ÍA fyrir 35 milljónir fyrir þremur árum og því ljóst að fjárfesting norska liðsins mun skila dágóðum hagnaði. **- hjh**



**66 LANDSLIÐSMÖRK** Margrét Lára Viðarsdóttir bætti tveimur mörkum við markametið sitt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Skilaboð til hinna liðanna

**Íslenska kvennalandsliðið vann sinn stærsta útisigur í sögunni í Búlgaríu í gær. „Við ætlum okkur að vinna þennan riðil,“ sagði Margrét Lára eftir 10-0 sigur.**

**FÓTBOLTI** Stelpurnar skrifuðu nýjan kafla í söguna með því að vinna 10-0 sigur á Búlgaríu í undankeppni EM í gær en sigurinn færði íslenska liðinu eins stigs forskot á toppi riðilsins þegar tvær umferðir eru eftir. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskt A-landslið vinnur tíu marka sigur utan landsteinanna.

Fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir byrjaði og endaði markaveisluna í sínum 118. landsleik en Margrét Lára Viðarsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir skoruðu líka tvö mörk í leiknum í gær. Dóra María Lárusdóttir og varamennirnir Dagný Brynjarsdóttir, Katrín Ómarsdóttir og Kristín Ýr Bjarnadóttir skoruðu hin mörkin.

„Við ætlum okkur áfram og að vinna þennan riðil. Hver einasti leikmaður í liðinu sýndi það í dag [í gær], hvort sem hann kom inn á eða byrjaði leikinn. Það stóðu sig allar frábærlega vel,“ sagði Margrét Lára en íslensku stelpurnar skoruðu sjö mörk í seinni hálfleiknum og voru á endanum tveimur mörkum frá því að jafna metsigurinn en íslenska liðið vann 12-0 sigur á Eistlandi á Laugardalsvelli 2009.

„Það má segja að þessi Ungverjaleikur hafi létt pressu af okkur. Við förum út í þessi tvö verkefni með því hugarfari að hafa gaman af þessu. Það vantar ekkert getuna í þennan hóp og þegar við náum að búa til þessa stemningu sem einkennir þetta lið þá er mjög erfitt að brjóta okkur á bak aftur. Hópurinn ákvað það í upphafi þessa verkefnis að búa til stemninguna. Það er ekki hægt að kaupa hana í Bónus, það þarf að búa hana til,“ sagði Margrét Lára en íslenska liðið náði aðeins einu stigi út úr tveimur leikjum við Belga eftir að hafa byrjað riðilinn á flottum sigrum.

„Við vorum með þægilega stöðu í hálfleik, 3-0 yfir. Við ætluðum bara að keyra á þær og keyra yfir þær í seinni hálfleiknum enda í miklu betra formi en Búlgararnir. Við létum það ekki hafa áhrif á okkur að við værum að spila í 35 stiga hita heldur héldum út leikinn. Við ætluðum að halda áfram og gefa út ákveðin skilaboð til hinna liðanna í þessum riðli. Það er ekkert gaman að mæta okkur hvort sem það er á heimavelli eða útivelli,“ sagði Margrét Lára.

Sigurinn var mikilvægur íslenska liðinu (19 stig) í baráttu um sigur í riðlinum við Norðmenn (18 stig) og Belga (17 stig).

„Við þurfum á okkar allra sterkustu leikmönnum að halda í haust og erum rosalega sáttar með það að það fékk engin gult spjald sem mátti ekki fá gult spjald. Við getum því allar verið klárar í haust,“ sagði Margrét Lára. **ooj@frettabladid.is, - ktd**



**CRISTIANO RONALDO** Þrjú mörk í tveimur síðustu leikjum. NORDICPHOTOS/AFP

Portúgal í undanúrslitin á EM:

## Ronaldo með sigurmarkið

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo sá til þess að Portúgal varð í gær fyrsta þjóðin til þess að tryggja sér sæti í undanúrslitum á EM í fótbolta þegar hann tryggði Portúgal 1-0 sigur á Tékklandi.

Portúgalir mæta annaðhvort Spáni eða Frakkland í undanúrslitunum en þau lið mætast á laugardagskvöldið.

Portúgalir fóru í gang í lok fyrri hálfleiksins, litu ekki til baka eftir það og mark lá í loftinu allan seinni hálfleikinn.

Ronaldo var búinn að skjóta tvisvar í stöngina og fá fleiri færi til viðbótar þegar hann skallaði boltann framhjá Petr Cech á 79. mínútu eftir fyrirgjöf Joao Moutinho. **-óój**

## UNDANK. EM 2013

**Búlgaría-Ísland 0-10**

0-1 Katrín Jónsdóttir (10.), 0-2 Sara Björk Gunnarsdóttir (29.), 0-3 Margrét Lára Viðarsdóttir (36.), 0-4 Margrét Lára Viðarsdóttir (49.), 0-5 Sara Björk (50.), 0-6 Dagný Brynjarsdóttir (64.), 0-7 Katrín Ómarsdóttir (67.), 0-8 Kristín Ýr Bjarnadóttir (70.), 0-9 Dóra María Lárusdóttir (73.), 0-10 Katrín J. (80.).

**STAÐAN Í RIÐLINUM**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ísland | 8 | 6 | 1 | 1 | 25-2 | 19 |
| Noregur | 8 | 6 | 0 | 2 | 30-6 | 18 |
| Belgía | 8 | 5 | 2 | 1 | 14-5 | 17 |
| Norður-Írland | 8 | 3 | 2 | 3 | 12-11 | 11 |
| Ungverjaland | 9 | 2 | 1 | 6 | 9-22 | 7 |
| Búlgaría | 9 | 0 | 0 | 9 | 1-45 | 0 |




Ódýrast!
www.bensinverd.is sýnir þér hvar lítrinn er ódýrastur
Ofurdagur
ORKAN
7 kr.
afsláttur af lítranum í dag*
Skeljungur
Staðgreiðslukort
Inneignarkort
Ath!
Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.
ENNEMM / SÍA / NM49890
Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á 67 Orku- og Shellstöðvum um allt land
Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.
Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.
Sæktu um Orkulykilinn í dag á www.orkan.is
ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!
*Þegar greitt er með lyklum og kortum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.
Símanúmer þjónustuvers: 578 88 00

> Stöð 2 kl. 20.05

**Spurningabomban**

***Það verður stórbrotinn þáttur af Spurningabombunni á Stöð 2 í kvöld. Þetta er lokaþátturinn í sumar og það gengur á ýmsu hjá Loga Bergmann. Tónlistarmennirnir og knattspyrnukapparnir Jón Jónsson og Ingólfur „Veðurguð“ Guðmundsson eru saman í liði gegn söngkonunni Guðrúnu Gunnarsdóttur og hárgreiðslumeistaranum Svavari Erni Svavarssyni. Þessi þáttur mun koma verulega á óvart.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS Þ. LÚÐVÍKSSON HORFIR Á HEIMILDARMYND

# *Ég vil líta út eins og þessi gaur*



Stuart MacDonald var árið 2008 rétt skriðinn yfir fertugt og í versta formi ævi sinnar. Hann hafði í tuttugu ár reynt að komast í gott form en aldrei náð varanlegum árangri þrátt fyrir að hafa prófað fjölda ólíkra æfingaáætlana og alla helstu megrunarkúrana. Það sem fór mest í taugarnar á honum var markaðssetningin á öllum megrunarvörunum sem hann hafði keypt en flestar voru þær prýddar myndum af vaxtarræktarköppum í lygilega góðu formi. MacDonald ákvað að lokum að komast að því hvað þyrfti að leggja á sig til að líta út eins og vaxtarræktarkappi og það sem meira er; gera heimildarmynd um verkefnið. Myndin kom út árið 2009 og nefnist I Want To Look Like That Guy. Skemmst er frá því að segja að eftir þrotlausar æfingar og gríðarlega strangt mataræði um langa hríð tókst MacDonald að lokum að lækka fituprósentuna sína úr 30% í 6% og þar með líta út eins og vaxtarræktarkappi. Vandinn var hins vegar sá að lengst af leið honum mjög illa, hafði ekki orku í nokkuð annað en ræktina og reyndi gríðarlega á þolinmæði vina og fjölskyldu sem þurftu að sætta sig við að vera alltaf í öðru sæti á eftir líkamsræktinni. Niðurstaðan varð því sú að það væri ekki raunhæft fyrir venjulegt fólk í vinnu og með fjölskyldu að líta út eins og vaxtarræktarkappar. Kannski nokkuð sem ágætt er að hafa í huga þegar maður sér auglýsingar prýddar myndum af vaxtarræktarköppum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Af minnisstæðu fólki **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Þar sem ennþá Öxará rennur **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Eyjar fyrir Austurlandi **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Djassvisjón Evrópu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlist fólksins **20.00** Leynifélagið **20.30** Hringsól **21.30** Kvöldsagan: Egils saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Liðast um landið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.30 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**15.10 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**15.55 Fjölskyldusaga af landsmóti** (e)

**16.55 Leó** (33:52) (Leon)

**17.00 Snillingarnir** (48:54) (Little Einsteins)

**17.25 Galdrakrakkar** (55:59) (Wizard of Waverly Place)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Fréttir og veður**

**18.25 EM stofa** Hitað upp fyrir leik á EM í fótbolta.

**18.45 EM í fótbolta** (Þýskaland-Grikkland, átta liða úrslit) Bein útsending frá leik Þjóðverja og Grikkja í átta liða úrslitum.

**20.40 EM kvöld** Farið yfir leiki dagsins á EM í fótbolta.

**21.15 Justin Bieber á tónleikum** Bandaríska barnastjarnan Justin Bieber á tónleikum í Ósló.

**22.20 Barnaby ræður gátuna – Frændi töframannsins** (Midsomer Murders: The Magician's Nephew) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Meðal leikenda eru John Nettles og Jason Hughes.

**00.00 Hvískur** (Whisper) Mannræningi sem heldur átta ára dreng í gíslingu í kofa á afskekktum stað lendir í einkennilegri lífsreynslu. Leikstjóri er Stewart Hendler og meðal leikenda eru Jennifer Shirley, Blake Woodruff og Michael Rooker. Bandarísk bíómynd frá 2006. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Daddy's Little Girls**

**10.00 Rat Pack**

**12.00 Babe**

**14.00 Daddy's Little Girls**

**16.00 Rat Pack**

**18.00 Babe**

**20.00 The Russell Girl**

**22.05 The Soloist**

**00.00 Prelude to a Kiss**

**02.00 Goya's Ghosts**

**04.00 The Soloist**

**06.00 Dude, Where's My Car?**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**07.45 Waybuloo**

**08.05 Barnatími Stöðvar 2**

**08.30 Oprah**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (157:175)

**10.15 Sjálfstætt fólk** (6:38)

**10.55 The Glades** (7:13)

**11.45 Cougar Town** (1:22)

**12.10 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (3:10)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Coraline**

**14.40 The Cleveland Show** (7:21)

**15.05 Tricky TV** (2:23)

**15.25 Sorry I've Got No Head**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons** (20:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 American Dad** (2:19)

**19.40 The Simpsons** (14:22)

**20.05 Spurningabomban** (6:6) Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti þar sem hann egnir saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvort, sem allir eiga það sameiginlegt að vera í senn orðheppnir, fyndnir og fjörugir og þurfa að svara laufléttum og skemmtilegum spurningum um allt milli himins og jarðar.

**21.00 So You Think You Can Dance** (3:15) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur í níunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri og aldrei fyrr hafi jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Þátttakendur eru líka skrautlegri en nokkru sinni. Að loknum prufunum er komið að niðurskurðarþætti í Las Vegas.

**22.25 That Thing You Do!**

**01.40 Sicko**

**03.40 Cougar Town** (1:22)

**04.05 Spurningabomban** (6:6)

**04.50 The Simpsons** (14:22)

**05.15 American Dad** (2:19)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**08.00 Valencia - Æfing 1** Bein útsending frá fyrstu æfingu ökumanna fyrir kappaksturinn í Valencia.

**12.00 Valencia- Æfing 2** Bein útsending frá annarri æfingu ökumanna fyrir kappaksturinn í Valencia.

**17.30 Norðurálsmótið**

**18.20 Sterkasti maður Íslands** Skemmtilegur þáttur þar sem sýnt er frá keppninni Sterkasti maður Íslands sem fram fór helgina 16.-17. júní.

**18.50 Pepsi mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi deildar karla í knattpsyrnu.

**20.00 Miami - Oklahoma**

**21.50 UFC 115**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Man. Utd. - Chelse**

**20.00 1001 Goals**

**21.00 Premier League World**

**21.30 Arsenal - Man. City**

**23.15 Pep Guardiola**

**23.40 PL Classic Matches: Liverpool - Man Utd, 99/00**

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** (142:175)

**20.05 Friends** (23:24)

**20.30 Modern Family** (23:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Masterchef USA** (5:20)

**22.30 The Closer** (7:21)

**23.15 Fringe** (1:22)

**00.00 Rescue Me** (18:22)

**00.45 Friends** (23:24)

**01.10 Modern Family** (23:24)

**01.35 The Doctors** (142:175)

**02.15 Fréttir Stöðvar 2**

**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Solsidan** (10:10) (e)

**12.25 Pepsi MAX tónlist**

**16.30 Hæfileikakeppni Íslands** (1:6) (e)

**17.20 Dr. Phil**

**18.00 The Good Wife** (21:22) (e)

**18.50 America's Funniest Home Videos** (e)

**19.15 Will & Grace** (8:27) (e)

**19.40 Got to Dance** (17:17) Got to Dance er breskur raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn. Hæfileikaríkustu dansararnir keppa sín á milli þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.

**20.30 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar.

**21.15 The Biggest Loser** (7:20) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis.

**22.45 HA?** (11:27) (e) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi. Í kvöld taka Jói G. og Sóli á móti hinum geðþekku leikurum og snillingum Þóru Sigurðardóttur, Björgvin Franz Gíslasyni og Gunnari Hanssyni.

**23.35 Prime Suspect** (8:13) (e)

**00.20 The River** (1:8) (e) Hrollvekjandi þáttaröð um hóp fólks sem lendir í yfirnáttúrulegum aðstæðum í björgunarleiðangri til Suður-Ameríku þegar þekktur sjónvarpsmaður hverfur á ferð sinni um regnskóga Amazon.

**01.10 Jimmy Kimmel** (e)

**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Travelers Championship - PGA Tour 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Travelers Championship - PGA Tour 2012 (1:4) **15.00** LPGA Highlights (11:20) **16.20** Inside the PGA Tour (25:45) **16.45** Travelers Championship - PGA Tour 2012 (1:4) **19.00** Travelers Championship - PGA Tour 2012 (2:4) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (22:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**10.55** Come Dine With Me **11.40** QI **12.10** QI **12.40** Keeping Up Appearances **13.10** Keeping Up Appearances **13.40** My Family **14.10** My Family **14.40** The Best of Top Gear **15.30** QI **16.00** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **18.40** QI **19.10** The Best of Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Shooting Stars **21.50** Peep Show **22.14** Live at the Apollo **23.00** The Best of Top Gear **23.55** The Graham Norton Show **00.40** QI **01.10** Shooting Stars **01.40** Peep Show

## DR 1

**11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies australske kokkeskole **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Ellevilde Ella **14.25** Dukkeeventyret **14.40** Penelope **14.45** Penelope **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det Søde Sommerliv **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hva' så Danmark? **19.00** TV Avisen **19.30** Tid til kærlighed **21.30** The Assignment **04.00** Noddy

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Stein Ingebrigtsen fra Namsos og tilbake **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.15** Toppidrettsveka **18.45** Verda vi skaper **19.35** 20 spørsmål **20.05** Detektiv Aurelio Zen **21.00** Kveldsnytt **21.20** Detektiv Aurelio Zen **21.55** Tudors **22.45** Toppidrettsveka **23.15** Muse - A Seaside Rendezvous **00.15** Partiløvene **01.05** Detektiv Aurelio Zen **05.35** Solens mat

## svt1

**07.30** Extra Rapport **14.00** Rapport **14.05** Biltokig **14.30** Percy, Buffalo Bill och jag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Det goda livet **17.00** Att fånga en fjäril **17.25** Mitt i naturen **17.30** Rapport **17.45** Varför firar vi? **18.00** Midsommar i Furusund **19.00** Macken **19.30** Eighties **20.00** Patrik 1,5 **21.40** Rapport **21.45** Minnenas television **22.50** Cléo från 5 till 7 **00.20** Rapport **00.25** Kändisbarnvakten **01.05** Rapport **01.10** Midsommar i Furusund **02.10** Rapport **02.30** Biltokig **02.55** Det goda livet

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




Við erum með sterku hellurnar!

Graníthellurnar okkar eru endingarbetri, fallegri og ódýrari en þig grunar.

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur.
Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN Sterkari lausnir

Hringhellu 2 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8 800 Selfoss | Malarhöfða 10 110 Reykjavík | Berghólabraut 9 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400 www.steypustodin.is

# Allt gott í útiverkin

## MÚRBÚÐARVERÐ



**Frábært verð á stál og plast þakrennum. Sjá verðlista á www.murbudin.is**



DEKAPRO útimálning, 10 lítrar (A stofn)

**6.995,-**



DEKA PRO þakmálning, 10 lítrar

**9.995,-**



Dicht-Fix þéttiefni. 750ml

**1.795,-**



DEKA SÍLAN vatnsfæla, 5 lítrar

**5.890,-**



ODEN þekjandi viðarvörn. 1 líter

**1.795,-**

Besta þekjandi viðarvörn í Skandinavíu samkvæmt prófun Folksham í Svíþjóð.

Sjá www.murbudin.is



San-SM-RLB01 stubbastækkari

**1.990,-**



CLA-403p Fjölnota trappa stigi/pallur 4x3 þrep

**13.990,-**

pallur fylgir



**TVÖFALDUR STIGI**

Stigi SM-LLA218B með reipi 338-550cm

**26.900,-**



HLA-205 Áltrappa 5 þrep, tvöföld

**5.990,-**

4 þrepa **4.990,-**
6 þrepa **6.990,-**



LLA-112 Álstigi 12 þrep 3,38 m

**7.390,-**

10 þrepa **6.990,-**



LLA-308 PRO álstigi 3x8 þrep 2,27-5,05 m

**16.990,-**

3x7 þrepa **15.990,-**



Áltrappa 4 þrep

**4.990,-**

Áltrappa 3 þrep **4.490,-**
Áltrappa 5 þrep **5.690,-**



LLA-211 PRO álstigi/trappa 2x11 þrep 3,11-5,34 m

**14.990,-**



AOB4-206 Fjölnota pallur/trappa/ sigi 2x6 þrep

**16.990,-**

pallur fylgir

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Húsavík** | Garðarsbraut 50. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afsláttur eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

**FÖSTUDAGSLAGIÐ**



*„Það er lagið Heartbeat með Childish Gambino sem kemur mér í helgargírinn þessa dagana enda skemmtilegur taktur í því.“*

Garðar B. Gunnlaugsson, bjórframleiðandi og knattspyrnukappi með ÍA.

# Slegist um bílnúmerið Barbie

„Ég og vinkona mín töluðum alltaf um að fá okkur bleikar bjöllur með einkanúmerinu Barbie því við vorum lágvaxnar og með stutt dökkt hár sem er andstæðan við Barbie,“ segir Harpa Gunnarsdóttir, sem er með einkanúmerið Barbie á bílnum sínum.

Á mánudag greindi Fréttablaðið frá Ingibjörgu Austmann Þorbjörnsdóttur sem er með hið keimlíka einkanúmer Barbí. Í tilviki Hörpu er um kaldhæðni að ræða, en númerið hefur engu að síður vakið eftirtekt. „Númerinu var stolið í þrígang sumarið 2006 í miðbæ Reykjavíkur,“ segir Harpa.

Síðustu sex ár hefur hún verið kennd við Barbie og bloggaði meira að segja undir nafninu Harpa Barbie um stund. Stuldurinn er ekki eina athyglin sem Harpa hefur upplifað vegna númersins því hún hefur fengið nokkur kauptilboð.

„Ég fékk einu sinni tilboð upp á hundrað þúsund fyrir það,“ segir Harpa sem hefur síðan þá hafnað fleiri tilboðum, meðal annars frá Ingibjörgu, sem sætti sig þó við númerið Barbí að lokum. „Hún bauð ekki nægilega mikið í númerið,“ segir Harpa sem myndi íhuga veglegra tilboð en hundrað þúsund krónur.

Þó að draumurinn um bílnúmerið Barbie hafi orðið að veruleika varð ekkert úr bjöllukaupunum. „Ég fékk mér svaðalegan kolsvartan BMW með svörtum rúðum allan hringinn í staðinn og keypti mér númerið á þann bíl. Ég keypti ekki bjöllu því það var eins og að keyra baðkar á hjólum,“ segir hún.

Þessa dagana bíður hún eftir alvöru Barbie-bifreiðinni sinni en kærastinn hennar rekur sprautuverkstæði og gerir upp bíl handa henni í hjáverkum. „Hann verður bleikur með blómum,“ segir Harpa og bætir við að kærastinn hafi lofað að fá sér bílnúmerið Ken. -hþt




**BÍÐUR EFTIR BARBIE-BÍLNUM** Kærasti Hörpu er að gera upp hinn eina sanna Barbie-bíl, sem verður bleikur með blómum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Nanna Bryndís Hilmarsdóttir** og félagar í Of Monsters and Men halda ókeypis tónleika í Hljómskálagarðinum laugardaginn 7. júlí. Hljómsveitin hefur verið á stífu tónleikaferðalagi erlendis að undanförnu og verða þetta fyrstu tónleikar hennar á Íslandi á þessu ári. Miðað við miklar vinsældir Of Monsters and Men má búast við fjölmenni á tónleikana, enda eru þeir opnir öllum aldurshópum. - fb




PAUL HENNESSY: BARA LJÓSMYNDIR – EKKI GLÆPUR ALDARINNAR

# Papparassar í eltingarleik við Tom Cruise á Íslandi

„Þolinmæði er lykilatriði í þessum bransa og að láta ekkert stöðva sig,“ segir breski ljósmyndarinn Paul Hennessy sem er staddur hér á landi í þeim tilgangi að ná myndum af stórstjörnunni Tom Cruise.

Hennessy er hér ásamt kollega sínum Ian Lawrence, en báðir eru þeir svokallaðir „paparazzi“ ljósmyndarar og vinna þeirra felst í því að elta stjörnurnar um heiminn og smella af þeim myndum. Cruise er staddur hér á landi við tökur á myndinni Oblivion en þegar Fréttablaðið náði tali af Hennessy hafði hann setið í rúma tvo tíma fyrir utan híbýli Cruise á Íslandi, Hrafnabjörg í Eyjafirði, í von um að ná mynd af leikaranum.

„Við komum hingað í byrjun vikunnar en þetta er í fyrsta sinn sem við komum til Íslands og við elskum náttúrufegurðina og þá sérstaklega birtuna. Það er yndislegt á Íslandi og okkur hefur verið vel tekið en við erum hérna fyrst og fremst til að græða peninga,“ segir Hennessy en þeir náðu fyrstu myndunum af Cruise á miðvikudagskvöldið er leikarinn kom heim eftir tökudag á Mývatnsöræfum.

Hennessy kom til Íslands frá Tyrklandi þar sem hann hafði verið í þrjár vikur að eltast við leikarann Daniel Craig sem var að taka upp næstu James Bond-mynd. „Maður ferðast mikið í þessu starfi og upplifir miklar andstæður – það var 32 stiga hiti í Tyrklandi og hér á Akureyri eru 12 stig núna.“

Ljósmyndararnir vinna báðir á eigin vegum og selja myndir sínar svo til alþjóðlegra fréttaveita og myndabanka. Hennessy hefur verið í þessu starfi í fimmtán ár og líkar vel. Þeir hafa áður tekið myndir af Cruise og fjölskyldu hans en Lawrence náði góðri mynd af leikaranum er hann giftist eiginkonu sinni, Katie Holmes, á Ítalíu og seldi á 100 þúsund dali, eða rúmlega tólf milljónir íslenskra króna. „Það er meðalverð fyrir góða fréttamynd. Ég fékk svipaða upphæð fyrir myndir sem ég tók af Brad Pitt og Angelinu Jolie í fríi í Afríku fyrir nokkrum árum,“ segir Hennessy sem viðurkennir að maður verði að hafa þykkan skráp í starfinu enda eru þeir vanir að kljást við öryggisverði. „Ég held að ég hafi komið í flest fangelsi í heiminum en þegar allt kemur til alls eru þetta bara ljósmyndir — ekki glæpur aldarinnar.“



**PAPPARASSAR MEÐ STÓRA LINSU** Þeir Paul Hennessy og Ian Lawrence hafa unnið lengi við að elta stórstjörnur út um allan heim og eru nú að reyna að ná góðum myndum af Tom Cruise á meðan hann er staddur hér á landi við tökur á Oblivion. Paul segir að helsta dyggð paparazzi-ljósmyndarans sé þolinmæði.

Hennessy og Lawrence stefna á að dvelja á landinu fram í byrjun júlí og ætla að sjálfsögðu að reyna að ná myndum af 50 ára afmælisveislu Cruise þann 3. júlí, ef af henni verður. „Enn er ekkert staðfest um hvernig hann heldur upp á afmælið en ef það verður veisla þá verðum við á staðnum að taka myndir.“ alfrun@frettabladid.is




# Afgreiðir heimagerða borgara í kjól

„Ég er að upplifa drauminn núna,“ segir Stefanía Björgvinsdóttir sem nýverið opnaði amerískan grillvagn á Hellu, Sveitagrill Míu.

Stefanía rakst á amerískan grillvagn til sölu á netinu fyrir fjórum mánuðum og þá var ekki aftur snúið. „Ég var búin að hugsa lengi um hvað mig langaði að gera á Hellu og þegar ég sá þennan grillvagn fannst mér hann strax fullkominn. Þetta er nákvæmlega það sem vantaði í bæinn og ég hef verið að gera hann upp sjálf í „rockabilly“ stíl,“ segir Stefanía sem viðurkennir að hún sé hrifin af þessu tiltekna tímabili. „Ég er með algjöra dellu fyrir tímabilinu á sjötta áratug síðustu aldar og síðan við opnuðum hef ég verið í essinu mínu í kjól að afgreiða hamborgara.“

Stefanía opnaði síðasta laugardag við góðar undirtektir en vagninn stendur fyrir utan sundlaugina á Hellu. Stefanía býður upp á heimagerða hamborgara, samlokur og bráðum franskar pulsur. Stefanía þróar allar uppskriftirnar sjálf og býður til að mynda upp á gráðostaborgara, bacon-madness og íslenskan sveitaborgara. „Við notum mjög frumleg nöfn á matseðlinum. Það eru ekki bara bæjarbúar sem koma hér við heldur ferðamenn líka og þeir vilja fá eitthvað íslenskt og því er bara er bara íslenskt hráefni í íslenska sveitaborgaranum með rösti kartöflu á milli.“ - áp



**HAMBORGARAR Á HELLU** Stefanía Björgvinsdóttir segist vera að upplifa drauminn sinn en hún opnaði Sveitagrill Míu.

# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!




79

COCA COLA
33 cl

# Hjóladagar í Europris



# -30%

## af öllum reiðhjólum

föstudag, laugardag og sunnudag



FISKISLÓÐ • KORPUTORGI • DALVEGI, KÓPAVOGI • AUSTURVEGI, SELFOSSI

WWW.EUROPRIS.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Spila fyrir háskólanema

Hallgeirsey, árleg útilega háskólanema á vegum nemendafélaga deildanna við Háskóla Íslands, verður haldin helgina 29. júní til 1. júlí. Á hátíðinni í ár mun upptökuteymið StopWaitGo snúa plötum, eitthvað sem meðlimir eru kannski ekki best þekktir fyrir. Þeir, **Ásgeir, Pálmi og Sæþór**, hafa undanfarna mánuði stimplað sig inn á plötusnúðamarkaðinn og spilað á helstu næturbörum landsins. Eins og glöggir hafa tekið eftir er útilegan haldin yfir kosningahelgina en kosningar til forseta fara fram laugardaginn 30. júlí. Háskólanemar þurfa því að gera upp við sig hvort þeir mæti á kjörstað eða í útilegu. Áhugavert verður að sjá hverjir trekkja fleiri háskólanema að, StopWaitGo eða forsetaframbjóðendurnir sex.



### Steadman söng á íslensku

**Jack Steadman**, söngvari hljómsveitarinnar frægu Bombay Bicycle Club hélt tónleika á Hressó í fyrrakvöld með ungu tónlistarkonunni Þorbjörgu Ósk Eggertsdóttur. Þau fluttu þekkt lög hljómsveitarinnar og tónsmíðar Þorbjargar fyrir algjörlega troðfullu húsi. Steadman sagði í viðtali við Fréttablaðið í vikunni að hann væri að reyna að læra íslensku. Því er ekki að undra að hann hafi lokið tónleikunum með því að syngja íslensku perluna Ég er kominn heim eftir Óðin Valdimarsson, við mikinn fögnuð.



- bþh, hþt

## Mest lesið vísir

1. Faðir sem drap nauðgara dóttur sinnar ekki ákærður
2. Árásin var persónuleg
3. Fórnarlambið leitaði ásjár Annþórs og Barkar
4. Kristjanía orðin griðastaður fyrir glæpamenn í Kaupmannahöfn
5. Enn leitað að lottómilljónamæringnum




